



**ORKUSTOFNUN**

Vatnafar á miðhálendinu. Yfirborðsvatn.  
Yfirlit vegna svæðisskipulags

**Freysteinn Sigurðsson**

**Greinargerð FS-96-05**



VATNAFAR Á MIÐHÁLENDINU, YFIRBORÐSVATN  
Yfirlit vegna svæðisskipulags

Freysteinn Sigurðsson  
jarðfræðingur á Orkustofnun

Viðfangsefni og umfjöllun:

Yfirlit þetta er tekið saman vegna svæðisskipulags af Miðhálendi Íslands, sem nú er unnið að. Í því er greint frá nokkrum þáttum í vatnafari yfirborðsvatna, en um grunnvatn hefur verið fjallað í annarri greinargerð ("Lindasvæði á Miðhálendinu", greinargerð FS-95/10, 30.10.1995.), sem tekin hefur verið saman að sama tilefni. Fjallað verður einvörðungu um hina vatnafræðilegu hlið yfirborðsvatna, bæði straumvatna og stöðuvatna, en ekki um lífríki þeirra, orku né annað gagn eða nýtingu. Stuðst er við gögn frá Vatnamælingum Orkustofnunar um tölugildi vatnafræðilegra þátta, en annars byggir umfjöllunin mikið á eigin sjón og reynd af vötnum á hálandinu, auk tiltækra heimilda. Engar sérstakar rannsóknir né meiri háttar gagnavinnsla fóru fram að þessu tilefni. Því má þess vænta, að upplýsingar verði nokkuð mismiklar að magni og gæðum og ekki hægt að ábyrgjast, að hvergi slæðist einhverjar villur eða skekkjur með, eða eitt-hvað á skorti.

Umfjöllun um efni þetta verður í þremur meginhlutum:

- 1) Almennt um vatnafar yfirborðsvatna (vatnsfallategundir, vatnamælingar, rennslishættir, farvegamótun o.s.frv.).
- 2) Lýsing landshluta, í samræmi við skiftingu í svæðisskipulaginu, almenn einkenni vatnafars og helstu vötn.
- 3) Vatnafar og vötn á stökum deilisvæðum, í samræmi við skiftingu í svæðisskipulagi, sérkenni vatnafars og helstu straumvötn. Deilisvæðin fylgja sínum landshluta.

Mögur hin stærri straumvötn falla um fleiri en eitt deilisvæði og raunar sum um fleiri en einn landshluta. Vatnsvið þeirra ná líka oft til fleiri en eins landshluta. Því verður fjallað um þau í tengslum við landshlutana en ekki í tengslum við deilisvæðin, nema hvað þeirra verður getið þar vegna vatnafarslega sérkenna þeirra á hverju svæði, þegar tilefni eru. Landsdreifing vatnafarslegra þátta fylgir landshlutaskiftingunni að verulegu leyti, svo að hentugt er að lýsa þeim eftir landshlutum, nema hvað sérkenni deilisvæða varðar. Einn þessarra þátta er stærð og gerð stöðuvatna. Annar er vatnsfallagerðir og afrennslishættir, sem tengjast veðurfari, landslagi og jarðgerð. Sá þriðji er lega og einkenni vatnsviða, landslag farvega og færð yfir straumvötnin. Þessum þáttum er stuttlega lýst fyrir hvern landshluta.

Höfð verður sama landshlutaskifting og í drögum að svæðisskipulaginu (Landmótun hf., apríl 1996), nema hvað Austurhálendinu verður skift í tvennt, þannig að á nyrðri hlutanum verða hásléturnar að Fljótsdalshéraði en á syðri hlutanum dalskorið fjalllendið sjávarmegin (Suðausturland). Á eftir lýsingu hvers landshluta fylgir lýsing vatnafars á hverju deilisvæði fyrir sig. Heimildaskrá fylgir í lokin.

### Almennt um vatnafar yfirborðsvatna:

#### *Afrennsli vatnsins af landinu:*

*Yfirborðsvötn* eru áfangi í hringrás vatnsins á jörðinni. Uppruna sinn eiga þau í úrkomunni, sem á landið fellur, þó að ekki fari hún öll beina leið í næsta árfarveg. Hluti hennar gufar upp, áður en hann nær að renna fram. Hluti er bundinn í snjó til lengri eða skemmri tíma, lengst sá sem bundinn er í jökulís. Liðið geta áratugir eða aldir, áður en það vatn skilar sér til straumvatnanna, en það er háð veðurfari hverju sinni, hversu mikið skilar sér við jökulbráðina. Priðji hlutinn sígur hægt fram í gegnum jarðveg og skilar sér að liðnum dögum, vikum eða mánuðum. Svipuð örloð fær vatn í lausum setlögum á yfirborði. Lengur er það vatn að skila sér aftur til yfirborðs, sem sígið hefur dýpra niður í jörðu og streymir neðanjarðar eftir leku bergi eða í sprungum. Það vatn skilar sér eftir mánuði, ár eða áratugi. Sá er munur á bindingu vatns í snjó eða ís og í grunnvatni, að vatnið losnar oft skyndilega við snjóleysingar og jökulbráð, svo að flóð eða vatnavextir verða, en yfirleitt hægt, jafnt og rólega við streymi grunnvatns til yfirborðs, sem jafnar þar með rennslíð í straumvötnunum. Vatnið í straumvötnunum endar svo nærlit, fyrr eða seinna, í úthafinu.

Vatnið á yfirborðinu rennur undan þyngdarafli jarðar frá hærri stöðum til lægri. Það leitar því í lægðirnar og safnast saman eftir því, sem landslagið beinir því. Í dældum getur vatnið safnast saman í stöðuvötn, en grunnvatn streymir oft út í þau líka, stundum neðan vatnsborðs. Sum stöðuvötn eru án sýnilegs afrennslis á yfirborði og vegur þá annað hvort uppgufun af vatnsfletinum eða grunnvatnsrennslí neðanjarðar á móti aðrennslinu. Landssvæði það, sem vatn safnast af til straumvatns, eða stöðuvatns, er kallað *vatnasvið* þess. Því stærra sem vatnasviðið er, því meiri sem úrkoman er og því hærra hlutfall hennar, sem skilar sér til vatnanna, því meira er rennslíð af vatnasviðinu. Afrennsli á flatareiningu er mjög mismunandi og fer mest eftir veðurfari, einkum úrkому. Afrennsli til sumra stórvatna á Norðurlandi (Blanda, Skjálfandafljót, Jökulsá á Fjöllum) er nærrí 25 l/s á km<sup>2</sup> en upp undir eða yfir 100 l/s á km<sup>2</sup> af vatnasviðum sumra straumvatna á Suðausturlandi. Er þá miðað við meðaltalsrennslí.

#### *Vatnsfallategundir:*

Straumvötn (vatnsföll) hér á landi eru flokkuð til *vatnsfallategunda*, eftir því með hvaða móti vatnið safnast til þeirra af vatnasviði þeirra. Það ræður svo aftur rennslisháttum þeirra, stöðugleika í rennslí og rennslissveiflum. Yfirleitt er miðað við eftirtalda þrískiftingu:

- Dragár:** Úrkoma dregst saman á yfirborði, með meiri eða minni töf í jarðvegi eða lausum setlögum. Vatnsrásanetið er ákaflega greinótt; allt frá sytrum og lækjum upp í ár og stórfljót. Rennslissveiflur eru miklar og háðar úrkomo hverju sinni. Flóð verða gífurleg í stórrigningum, en einnig í snjóleysingum. Ár þessar geta orðið sáralitlar í langvarandi þurrkum og vetrarfrostum. Upptök á Anna dreifast yfir allt vatnasviðið, því að hvarvetna rennur af því.
- Lindár:** Úrkoman sígur í jörð niður og skilar sér aftur jafnt og þétt úr lindum og uppsprettum. Rennslissveiflur eru litlar, a.m.k. þegar jörð er þið. Flóð geta orðið í stórrigningum eða leysingum, þegar jörð er frosin, t.d. í Elliðaánum. Upptök lindána eru oft í fáum uppsprettum eða lindasvæðum.
- Jökulár:** Úrkoman er bundin í ís í jöklum (eða fönnum á þeim) og losnar sem rennandi vatn í hlýindum á sumrin. Rennslí fylgir veðurfarssveiflum og oft eru dægursveiflur í ánum. Vatn er yfirleitt mikið í jökulánum á sumrin en lítið á veturna. Upptök þeirra eru oft á afmörkuðum stöðum undan jökuljaðrinum ("jökulport").

Flestir ár eru blöndur af þessum mismunandi tegundum í ýmsum hlutföllum. Ölfusá flytur t.d. mest lindavatn allra straumvatna á Íslandi, eða a.m.k. 200 - 250 m<sup>3</sup>/s að meðaltali, en mun

samt almennt vera talin jökulá, einkum af þeim, sem aðeins þekkja hana að sumarlagi, enda er þá oft um helmingur vatnsins jökulvatn. Margar ár hafa því lágmarksvatnsmegin frá lindavatni (grunnvatnsþáttur), en flóðasveiflur frá dragárbætti vatnasviðsins, auk þess sem jökulárnar hafa sveiflukenndan jökulvatnsþáttinn að sumarlagi. Sumar ár hafa vissa miðlun í stöðuvötnum, sem þær renna í gegnum. Það fer eftir stærð vatnanna og *vatnsmegini* (rennsli, í  $m^3/s$  eða l/s) áんな, hversu mikið munar um þessa miðlun, því að hræði vatnsborðsbreytingarinnar skiftir þar mestu máli. Yfirleitt er þessi miðlun frekar lítil. Rennslissveiflur áんな eru ráðandi þáttur í mótu farvega þeirra.

#### *Vatnamælingar og rennslissveiflur:*

Vatnsmegin straumvatna er breytilegt með tíma: Hægt og lítið í hreinum lindám, en ört og mikil í ólmum dragám. Því þarf að mæla rennsli þeirra stöðugt, ef hagnýta skal vatnið í ánum, t.d. til vatnsorkuvinnslu. Í því skyni er hæð vatnsborðs í ánum sírtuð, en þekkja má frá beinum mælingum á rennsli þeirra, hvaða vatnsmegin samsvarar hverri vatnsborðshæð. Þetta er viðfangsefni vatnamælinga. Vatnsmegin hefur verið mælt í ýmsum ám, sem taldar hafa verið virkjunarverðar, á vegum Vatnamælinga Orkustofnunar, sem einnig hafa mælt ár á vegum virkjunarverða og Vegagerðar rískisins, auk annarra. Að öðru jöfnu er ekki mælt vatnsmegin í öðrum ám hér á landi og er því ekki vitað, hversu mikið það er, þó að oft mega reikna sér til um það eða geta í það á annan hátt. Hér er samt talsverð eyða í þekkingunni á náttúrufari landsins. Síritandi vatnshæðarmælar í straumvötnum landsins eru nú á annað hundrað talsins, fleiri en einn í sumum stórvötnunum.

Hið breytilega vatnsmegin áんな hefur ýmsar einkennistölur. Einfaldast er meðaltalsvatnsmegin ( $m^3/s$ ), oft yfir langt árabil. Það segir þó oft lítið um venjulegt vatnsmegin þeirra og mótu farvega áonna. Algeng flóð leggja oft mikið til heildarrennslis hvers árs, en mestu flóð eiga einnig sinn þátt í því að móta farvegi þeirra. Stærð og tófi flóða eru því mikilvægar einkennistölur. Mestu máli fyrir ferðamenn og aðra, sem umgangast árnar, skiftir þó oft *algengt árstíðarennslí*, einkum summar- og vetrarrennslí, því að í þeim ham eru árnar oftast.

Flóð verða í ám af ýmsum orsökum. Stórrigninga gætir í flestum ám, nema í röktustu lindám. Sama er um viðvarandi rigningatíð, þó að vatnavextir verði ekki alveg eins miklir í þeim, en viðvarandi í staðinn. Vetrarblotar á frosinni jörð valda oft stórfloðum. Snjóleysingar eru nær árvissar á vor og sumur. Þær ná að öðru jöfnu hærra til fjalla, eftir því sem á sumarið líður. Því getur verið snjóbráð í ám fram á sumar eða haust, þar sem vatnasvið áonna teygja sig upp há fjöll, t.d. á Suðausturlandi og á fjallendum norðan lands. Á flótum heiðalöndum getur snjór bráðnað af geysistórum svæðum á stuttum tíma, eða nær samtímis. Verða þá oft gríðarmikil flóð, t.d. af húnvetnsku eða austfirsku heiðunum. Snjóbráð á jöklum, einkum snemsummars, rennur oft meira eða minna af á yfirborði og skilar sér í snöggum vatnavöxtum. Jökulbráðin sjálf rennur oft um sprungur og svelgi niður í jökulinn og tefst við það nokkuð, a.m.k. að hluta til, þó að þorri henni skili sér skjótt til jökulánna. Því getur jökulleysing verið viðvarandi fram á haust, einkum ef snjóða hefur tekið til muna af jöklunum. Flóð geta orðið nánast á öllum árstínum, en annars eru vissar árstíðasveiflur ríkjandi, hvað varðar snjóleysingar og jökulleysingar. Dægursveiflur í jökulvötnunum fylgja oft hitafari sólarhringsins, mestar í bjartviðri og sólfari en minnstar í vætutíð og dumbungi.

#### *Farvegir og mótu þeirra:*

Straumvötnin geta rifið upp og borið með sér lausar agnir, því stærri sem straumhraðinn er meiri. Hann er einkum háður halla farvegsins og viðnámi hans við rennslinu, þ.e. "hrjúfleika" farvegsins og dýpi vatnsins. Bratt hallandi stórvötn í flóðum rífa með sér stórgryti, en flatlægir og lygnir smálækir meagna vart að hreyfa minnstu sandörður. Agnir þær, sem árnar bera með sér, eru í heild kallaðar aur eða aurburður, og valda þær svarfi á botni og bökkum farvegs

þeirra. Auk þess rífa árnar með sér bita úr bökkum og botni af straumþunga sínum. Straumhraðinn er mestur í flóðum og þá bera árnar einnig með sér mest af svarftólunum, aurburðinum, svo að þá vinna þær mest að. Jökulvötn bera með sér svarf sitt undan jöklunum, þar sem vatnið getur verið undir verulegum háþrýstingi, auk þes sem mikill aur losnar við bráðnun úr jöklusnum, einkum í nánd við öskugosaeldstöðvar í jöklunum, eins og Grímsvötn og Köllu. Þau bera því með sér mikið af aur og geta sorfið rækilega farveg sinn.

Árnar verða að bera brott, það sem þær losa, því að ella hleðst það upp. Burðarmáttur þeirra minnkar, þegar úr halla farvegsins dregur eða um hann víkkar svo að dýpið minnkar. Þá setja þær af sér aurburðinn, fyrst stærstu agnirnar, grjót og möl, en sandinn sfðar. Við það hlaðast upp eyrar, aurar og sandar. Sú upphleðsla verður eðlilega einkum á flatlendi en rofið mest í brattlendi. Því eru iðulega gil og gljúfur að ám, þar sem þær steypast ofan í dali eða niður af fjöllum. Mest er rofið, að öðru jöfmu, þar sem flóðasveiflur eru mestar og tðastar. Lindár geta runnið hvítfyssandi utan á bröttum berghliðum, án þess að sverfa sér nokkurn farveg að marki. Jökulár hafa svo mikinn svarfmátt, að þær hafa tilhneigingu til að sléttu farveg sinn, þannig að hann verði fosslaus, nema þar sem sérlega viðnæm ("resistant") jarðög eru í honum, svonefndir fossberar. Dæmi um þetta er Jökulsá á Dal. Jarðgerð hefur einnig áhrif á mótnun farveganna. Staflar af þykkum basaltlögum eru viðnæmir gegn rofi og er oft mikið af fossum í giljum og gljúfrum í slíkum jarðmyndunum. Staflar úr þunnum og gjallrökum basaltlögum rofna greiðar, svo að gilin verða stærri og víðari. Sama er með stafla með þykkum og illa hertum setlögum. Pykkar hrúgur af þursabergi (móbergi) og bólstrabergi eru oft misfellulitlar og verða gljúfur í þeim oft djúp, þróng og þverhnípt, t.d. Fjaðrárgljúfur á Síðu. Jardísagan hefur líka haft sín áhrif. Ofsaflóð eða hamfarahlaup hafa grafið stór og djúp gljúfur (Markarfljótsgrljúfur, Dimmugljúfur, Jökulsárgljúfur), en jökulvatnaflóð í ísaldarlokin hafa örugglega grafið eða stækkað fjöldann allan af giljum og gljúfrum, þó að það hafi ekki verið rannsakað kerfisbundið. Dæmi eru mjög víða sýnileg.

Á flatara landi eru farvegir straumvatna ærið mismunandi eftir tegund vatnsfallanna. Lindár renna oft í þróngum stokki og með grónum bökkum. Straumhraði er oft töluberður í þeim, en stöðugur. Þær mala því lítið niður bergmolana en flytja þá smærri að vissu marki brott. Þær eru því oft grýttar í botninn, sem annars er yfirleitt þéttur og stöðugur. Jökulárnar flytja oft með sér óhemju mikið af auri, sem þær hrúga fram í flóðum og skilja eftir í ójafnvægi. Þær kvíslast um aura sína, þar sem nógu vítt er um þær, og eru þar sfbreytilegar og óstöðugar. Almennt gildir um jökulárnar, að þær eru því óstöðugri, sem aurarnir eru fínni að kornastærð, sæmilega stöðugar í grjótmöl en sírásandi á sandi. Sand- og aurbleytur eru algengar í þeim, einkum þegar árnar eru vaxandi, en einnig þar sem þær leggjast í nýjar kvíslar og valda þar með breytingum á vatnsstöðu í aurnum. Um setkornin losnar, þegar vatnið stíglar á milli þeirra, en þau þjappast aftur saman, þegar vatnið sígur aftur. Því minnka aurbleytur með þverrandi vatni og frá ársumri til síðhausts. Gildir það ekki síður um dragárnar, ekki síst hátt til fjalla. Rennslissveiflur í dragánum eru færri og oft stærri en í jökulánum, einkum í vorflóðum, en dægursveiflur eru ekki í dragánum. Setburður þeirra og farvegir mótaðar mest af þessum stóru flóðum, en meðalrennslid reynir svo að finna sér eithvert jafnvægi á eyrunum á milli flóða. Grjótdreif er oft í farvegum þeirra eftir flóð og jakaburð, einkum þar sem völ er á basaltbjörgum.

#### Færð yfir vötn:

Straumvötn geta verið torfærur, óvæð, óreið og óæk. Það er raunar afstætt, hvenær vatn er ófært, því að meðalmaðurinn á meðaljeppanum fer ekki það, sem vel búni beljakinn á torfærutröllinu veður eða ekur, né heldur ætti hann að reyna að fara það. Kunnáttumenn í vatnassulli þurfa ekki ráðgjöf, fyrir göpunum verður ekki vit haft, svo að eðlileg viðmiðun er meðalmaðurinn, þegar meta skal færð yfir vötn. Dýpi, straumþungi og festa botns ráða mestu um, hvort ár eru væðar. Vöð eru yfirleitt helst á hallalitlu landi, einkum á eyrum eða klöpp, og ræð-

ur þá vatnsmegin og vatnsfallstegund mestu um færðina. Lindár renna oft þróngt og eru því jafndýpstar, miðað við vatnsmegin. Jölkulkvíslar eru oft í streng á grófri möl, gjarnan grýttar og nokkuð djúpar, en álóttar og aurblautar á söndum. Dragárnar breiða oft úr sér og brot eru gjarnan á þeim á eyrum. Þær eru því oft skárstar yfirferðar, þ.e. þegar lítið er í þeim. Sem "þumalfingursregla" getur gilt, að dragár eru vísast óvæðar á hnijástfgvélum, þegar vatnsmeginið er  $2 - 5 \text{ m}^3/\text{s}$ , eða meira. Þær eru svo oft óvæðar, þegar vatnsmeginið er  $5 - 15 \text{ m}^3/\text{s}$ , eða meira. Á því bili verða þær liska óækar á meðaltorfærublum, en fólkssblar fylgja nokkuð hnijástfgvélavæðinu, á ruddum vöðum, vel að merkja. Hér er miðað við algengt rennsli, en litlar ár í flóði eru torfærari en stórar ár í meðalrennsli, þó vatnsmeginið sé hið sama. Því veldur jafnvægið við farveginn í dýpi og straumþunga. Pessar ónákvæmu viðmiðunartölur eru að öðru jöfnu lægri fyrir lindár og stríðar jölkulkvíslar. Gæta verður einnig að flóðum og aurbleyntum, eins og skýrt er hér að framan. Úr bleytum sígur að öðru jöfnu því síðar á sumri sem hærra kemur á landinu. Jökulaurar uppi við jökla geta því verið varasamir fram á haustrum, einkum í köldum árum. Loks má geta þess, að lindár geta verið varasamar á vetrum, því að þær hafa tilhneigingu til að bræða af sér snjó, svo að afætur verða, sem ökuglaðir véltækjamenn geta hráp að ofan í, sér til skaða eða festu.

Hentugt væri að flokka straumvötn eftir væði þeirra, en til þess skortir nægjanlegar upplýsingar. Síritar eru gjarnan settir við ár sem næst lísklegum virkjunarstöðum, eða niðri í döllum, þar sem þeir eru aðgengilegir. Mælt vatnsmegin er þar því oftast eitthvað meira en uppi á fjöllum og heiðum. Engar fastar og öruggar reglur eru um samband meðaltalsvatnsmegins í ám og algengs sumarrennslis í þeim, en þó má setja fram "þumalfingursreglur", sem fara í mörgum tilfellum nærrí lagi. Pannig er algengt sumarvatn í lindám nærrí meðalvatni yfir árið, í jökulám er sumarvatnið oft frá meðalvatni og upp í tvöfalt, þrefalt meðalvatn og í dragám er sumarvatn oft frá hálfu og upp í tvöfalt meðalvatn (þ.e. stuðlar á meðalvatn ársins: Lindár:  $\times 1$ , jökulár:  $\times 1 - 2$  eða 3, dragár:  $\times 0,5 - 2$ ). Miðað við þetta má segja, nokkuð einfaldað og alhæft, að ár með vatni undir  $5 \text{ m}^3/\text{s}$  séu yfirleitt færar eða slarkfærar, ár með vatnsmegin  $5 - 15 \text{ m}^3/\text{s}$  geti oft verið illfærar eða ófærar og ár með vatnsmegin yfir  $15 - 20 \text{ m}^3/\text{s}$  séu yfirleitt ófærar. Lindár geta verið ófærar vegna þrengsla og dýpis farvegar við minna vatn og eins getur aurbleytyndun í vatnavöxtum verið til trafala við minna vatn, einkum í jökulám á söndum og lausum eyrum. Þetta er hvorki nákvæm skifting eða algild, en hafa má hana til vissrar viðmiðunar. Svo er að sjá, sem ýmis vötn hafi ekki orðið óreið vönum vaskleiksmönnum á góðum vatnahestum fyrr en vatnsmegin þeirra var komið hátt í  $100 \text{ m}^3/\text{s}$ . Á úrvalsvöðum mun stundum hafa verið riðið meira vatn (Þjórsá á Nautavaði, Kúðafkjót hjá Söndum, og fleiri vöð), en ekki er þó alltaf ljóst af frásögum, hversu mikið vatnið muni þá hafa verið.

#### Lýsing einstakra landshluta:

Reynt verður að lýsa vissum einkennispáttum vatnafars fyrir hina ýmsu landshluta. Þekking þessara þátta er naumast svo nákvæm á Miðálendinu, að hægt sé að lýsa þeim að gagni fyrir hvert deilisvæði. Þar verður að einskorða sig við sérkenni. Helstu atriði í hverri landshlutalyngingu eru eftirtalín:

1. *Almennt vatna- og veðurfar:*

Veðurfarseinkenni: Úrkomufar - snjóalög, sumarhiti - snjóleysingar.

Vatnajarðfræðieinkenni: Lek jarðlög - lindavötn, landslag - landshalli.

Vatnsfallaeinkenni: Ríkjandi vatnsfallagerðir, ríkjandi farvegagerðir.

2. *Helstu stórvötn og einkenni þeirra:*

Lega og rennslisleið, vatnasvið og gerð þess, vatnsfallsgerð, vatnsmegin og rennslishættir, flóð og farvegsgerð, vöð og brýr.

**3. Stöðuvötn:**

Fjöldi og dreifing, landslega, landslagseinkenni vatna, stærstu vötn, tengsl við straumvötn.

Veðurstöðvar eru einkar strjálar á Miðhálendinu og veðurathuganir rýrar fyrir vikið. Beitt hefur verið ýmsum ráðum til að bæta úr því. Stuðst hefur verið við vatnsmeigin í ám til að meta úrkomu og metin reynsla manna af ferðum og dvöl á hálendinu (sjá m.a. Freysteinn Sigurðsson 1991). Um vatnamælingar hefur verið fjallað fyrr, en um vatnajardfræði er fjallað í fyrrnefndri greinargerð um lindasvæði (FS-95/10) og í greinargerð um jarðgerð á Miðhálendinu ("Jarðlysing Miðhálendisins", greinargerð Orkustofnunar FS-96/01). Um stöðuvötn er einkum stuðst við skýrslu Orkustofnunar OS-89004/VOD-02 (Hákon Aðalsteinsson o.fl. 1989).

Fjallað verður um helstu fallvötn á deilisvæðunum í hverjum landshluta, þar sem greint verður frá vatnafallsgerð þeirra, vatnsmegini og algengu sumarvatni, flóðum, farvegsgerð, vöðum og brúum og séreinkennum, allt eftir því sem efni leyfa og ástæða er talin til.

**Norðvesturhálendið:**

Úrkoma er gríðarmikil á Langjökli og Hofsjökli, líklega yfir 3.000 - 4.000 mm/ári, en til þess að gera lítil á heiðunum, sennilega viðast um eða undir 1.000 mm/ári. Mest er hún líklega utan jöklakla á Oki, sennilega yfir 2.000 mm/ári og heiðunum þar í kring, 1.000 - 1.500 mm/ári (Freysteinn Sigurðsson 1995 a) en hvað minnst á Eyyvendarstaðaheiði og Hofsafrétt, í úrkomuskugga milli Hofsjökuls og Skagafjallanna, e.t.v. ekki nema 500 - 600 mm/ári (Freysteinn Sigurðsson 1995 b). Úrkomuskuggi er sennilega líka norðvestan Langjökuls. Snjóalög fylgja úrkomu að magni til. Snjóleysingar á heiðunum verða oftast í maí og fylgja þeim oft gríðarmikil flóð. Jökulleysing verður á Hofsjökli mest síðumars, en jökulleysingar á Langjökli gætir fyrr og þó til muna minna, vegna lektar jarðlaga. Sumarhiti verður hæstur miðað við hæð í skjóli og hnúkaþey norðan og norðvestan jöklanna. Bil er oft milli snjóleysinga og jökulbráðar og var þá fremur lítið í ánum, en þó farið að örla á gróðri. Á því bili voru farnar lestarferðir (skreiðarferðir) af Norðurlandi suður á land, þó að aurbleytur væru á fjöllum. Kaupafólk á leið til Norðurlands náði stundum í endann á þessu bili, en suður reyndi það að ná milli jökulleysingar og snjóa.

Mjög lek eru aðeins hraunin vestan Langjökuls, en undan þeim koma líklega um  $30 \text{ m}^3/\text{s}$  af lindavatni (Húsafell, Hraunfossar o.fl.). Talsvert lek eru grágrýtissvæði og sprunguskarar á Stórasandi (lindarennslu ókannað), í Seyðisárdrögum ( $3 - 5 \text{ m}^3/\text{s}$ ), á Eyyvendarstaðaheiði og vestanverðri Hofsafrétt ( $7 - 8 \text{ m}^3/\text{s}$ ) en miður á austanverðri Hofsafrétt ( $1 - 5 \text{ m}^3/\text{s}$ ) (sjá Freysteinn Sigurðsson 1996 b). Lekt er sennilega talsverð í Leggjabrjóti við Hvítárvatn (Karlsdráttur, Fróðá, lindarennslu ókannað). Húnvetnsku heiðarnar eru úr gömlum basaltlagastöflum og að mestu þéttar á vatn.

Fjórar stórar falla frá jöklunum (Hvítá í Borgarfirði frá Langjökli; Blanda, Jökulsá vestari og Jökulsá austari frá Hofsjökli), en lindavatn bætist talsvert við þær. Af heiðunum milli Borgarfjarðar og Húnaþings falla dragár niður í hvern fjörð og dal. Þær hafa nokkra miðlun í flóum, tjörnum og vötnum á flötum heiðalöndunum. Þær eru farvegir þeirra í grunnum drögum með efnislitlar eyrar, en þær falla í fremur grunnum giljum og gljúfraköflum ofan í dalina. Lindaþáttur er mikill í ám undan skagfirsku heiðunum og svæðinu kringum Ok.

**Hvítá í Borgarfirði** fær vatn undan Langjökli og fellur niður í Borgarfjörð. Vatnsvið hennar er mest á jöklinum og hraununum vestan hans. Mest jökulvatn kemur úr Geitá, en jökulskotið lindavatn í Hvítá og Norðlingafljóti, sem einnig fær mikið dragvatn. Samanlagt vatnsmeigin ofan af hálendinu að sumarlagi er líklega oft  $30 - 70 \text{ m}^3/\text{s}$ , en um  $30 \text{ m}^3/\text{s}$  af lindavatni bætast við á láglendinu. Hvítá og kvíslar hennar voru áður yfirleitt lístill farartálfmi, nema í vatnavöxtum, nú

er hún brúuð í byggð.

**Blanda** fær jökulvatn undan Hofsjökli, lindavatn úr Seyðisá en dragvatn af heiðunum. Hún fellur í Húnaflóa. Blanda er nú virkjuð og flatlendur hluti farvegs hennar á hálandinu kominn undir Blöndulón. Féll í Blöndugili, miklu og djúpu gljúfri, niður í Blöndudal. Vatnasvið norðvesturhluti Hofsjökuls, vestanverð Eyvindarstaðaheiði og innanverð Auðkúluheiði. Mest jökulvatn í Blöndukvísl og Ströngukvísl. Jökulá með nokkrum lindavatnsþætti og miklum vorleysingum og dragvatni úr grónum tungum milli kvíslanna austan ár. Algengt sumarvatn var 40 - 90 m<sup>3</sup>/s efst í byggð. Áður þrenn vöð á heiðunum, það neðsta nú undir Blöndulóni, en brölt á bflum yfir á því efsta, þegar vatn er lítið.

**Jökulsá vestari** fær jökulvatn undan Hofsjökli, en lindavatn bætist við á heiðunum, Hofsafrétt og austanverðri Eyvindarstaðaheiði. Hún myndar Héraðsvötn með Jökulsá austari, en þau falla í Skagafjörð. Þejár eru aðalkvíslar undan jökli, Austurkvíslin mest og stríðust, en Vesturkvíslin oft jökullaus. Grunn drög að kvíslunum. Frá Skiftabakka til Vesturdals fellur hún í djúpu gili og gljúfrum (Þróngagil, Jökulsárgil), nærri 20 km leið. Jökulá með verulegum lindapætti og vorleysingaflóðum. Algengt sumarvatn í Vesturdal (með Hofsá) 20 - 40 m<sup>3</sup>/s. Brölt á bflum yfir kvíslarnar uppi undir jökli, þegar lítíð er í ánum og bleytur signar úr aurunum.

**Jökulsá austari** fær jökulvatn undan Hofsjökli, en verulegt lindavatn af Nýjabæjarfjalli og eitt-hvað dragvatn af afréttunum, beggja vegna. Miklar vorleysingar. Farvegur hennar er grunnur á flatlendi á hásléttunni en hún fellur í gili (Pollagil) niður í Jökuldal (Austurdal). Algengt sumarvatn niðri í Austurdal 40 - 100 m<sup>3</sup>/s. Fordum riðin ársumars á Eyfirðingavaði hjá Eystri-Pollum. Nýleg brú nokkuð ofan Pollagils.

Aðrar helstu ár eru dragár með stöðuvatnamiðlun af Tvídægru og Arnarvatnsheiði, Kjarrá og Þverá til Borgarfjarðar og Hrútafjarðará, Miðfjarðará, Vífidalsá og Vatnsdalsá til Húnaþings, allt frægar laxveiðiár. Lindár eru Svartá í Húnaþingi og Svartá í Skagafirði. Fossá á Hofsafrétt er jökulkvísl, sem myndar Hofsá í Vesturdal með lindám af Hofsafrétt.

Gríðarmörg vötn og tjarnir eru á flötum, öldóttum og vatnsþéttum berggrunni Tvídægru og Arnarvatnsheiðar. Þau eru almennt grynnri á Tvídægru, en á Arnarvatnsheiði eru þau sum í kröppum lægðum milli holta. Vötn yfir 1 km<sup>2</sup> að flatarmáli munu losa tuginn, en stærst eru Arnarvatn mikla og Úlfsvatn, hvort um sig tæpir 4 km<sup>2</sup> (Hákon Aðalsteinsson o.fl. 1989). Norður undir daladrögum, frá Vífidalstunguheiði, um Grímstunguheiði á Auðkúluheiði, eru fjölmörg vötn, flest grunn, en sum stór (Vestara-Friðmundarvatn um 5 km<sup>2</sup>, Pristikla um 4 km<sup>2</sup>), en stærsta vatnið er nú Blöndulón, um 40 km<sup>2</sup>. Til stendur að stækka það. Vötnum var breytt úti á Auðkúluheiði við virkjun Blöndu. Leysingavatnstjarnir standa uppi fram eftir sumri á Hofsafrétt og á Hraununum á Eyvindarstaðaheiði, en stöðuvötn eru þar færri, Ásbjarnarvötn og Reyðarvatn munu vera þekktust.

Sérkenni vatnafars og helstu ár á einstökum deilisvæðum eru sem hér segir:

**1.1. Ok og umhverfi þess:** Lítíð afrennsli á yfirborði, en mikil vorleysingaflóð í dragám til Borgarfjarðardala. Geitá á Kaldadal sveiflukent jökulvatn, sem fellur í djúpu og svipmiklu gljúfri norður af Kaldadal.

**1.2. Eiríksjökull - Hallmundarhraun:** Yfirborðsafrænnslí sáralítið en miklar lindauppsprettur á láglendi. Hvítá og Norðlingafljót eru lindavötn, jökulskotin á sumrin, en flóðahætt í Norðlingafljóti í leysingum og stórrigningum. Grýtt vað er á Norðlingafljóti ofan Þorvaldsháls (Helluvað).

**1.3. Arnarvatnsheiði og Tvídægra:** Dragárland, með framrennslistöf í flóum og vötnum. Helstar ár eru Kjarrá og Þverá til Borgarfjarðar og Hrútafjarðará, Miðfjarðará og Vífidalsá til Húnaþings. Algengt sumarrennslí í þeim er sennilega 3 - 10 m<sup>3</sup>/s í byggð og er Vífidalsá sýnu mest.

**1.4. Stórisandur:** Lítið yfirborðsafrennsli, en lindavötn til Norðlingafljóts og undan Stórasandi.

**1.5. Grímstunguheiði - Eyvendarstaðaheiði:** Dragárland. Helstu ár Vatnisdalsá (algengt sumarvatn líklega  $5 - 10 \text{ m}^3/\text{s}$ ), og Svartá í Svartárdal í Húnaþingi (lindavatn líklega  $1 - 3 \text{ m}^3/\text{s}$ ).

**1.6. Beljandatungur - Guðlaugstungur:** Heiðalönd með Blöndu, dragárland en framrennslislistöf í jarðvegi og setlögum. Lindavatn í Seyðisá og Beljandi, algengt summarrennslíklega  $5 - 7 \text{ m}^3/\text{s}$ . Seyðisá er nýlega brúuð. Kvíslar Blöndu að austan jökulvötn eða stundum jökulskotnar. Strangakvísl oft mikil og aurbleytuvatn. Hún og Haugakvísl eru brúaðar.

**1.7. Hofsafrétt:** Að stórum hluta sáralítið yfirborðsafrennsli. Lindavötn til Svartár í Tungusveit í Skagafirði (sennilega um  $2 \text{ m}^3/\text{s}$ ). Jökulkvíslar til Blöndu og Jökulsár vestari. Fossá er jökulvatn (brúuð nærri jökli), sem fellur til Hofsár í Vesturdal í miklum fossi. Lindavötn til Hofsár af austanverðri Hofsafrétt, líklega einkum summarrennslí. Falla þau sum í djúpum gljúfrum ofan í dalinn.

**1.8. Kjalhraun - Baldheiði:** Fjöllótt land, að hluta dragvötn og að hluta lindavötn. Fúlakvísl er jökulkvísl og dragárfloðavatn. Svartá á Kili að stofni til lindavatn. Fróðá undan Leggjabrjóti mun vera töluvert lindavatn.

#### Norðurhálendið:

Úrkoma er lítil á Sprengisandi, sennilega 500 - 1.000 mm/ári. Úti á Nýjabæjarfjalli er hún meiri, gæti verið 1.000 - 2.000 mm/ári, en sennilega aðeins minni á hálendinu kringum drög Fnjóskár. Í drögum Skjálfandafljóts er úrkoma líklega 600 - 1.000 mm/ári (Vatnaskil 1993). Frábrigði eru lítil frá svæðisbundnu hitafari, nema hvað helst getur orðið hlýtt í dölunum, sem skerast suður í hálendið (Krókdalur o.fl.). Snjó tekur upp í maí til júlí af mestum hluta svæðisins. Lengst liggja snjóar á Nýjabæjarfjalli, en þar tekur ekki alltaf upp fannir, heilu sumrin. Snjóbráð er því að bætast í vötn þar fram eftir sumri.

Jarðlöög eru frekar lek á þessu svæði, einkum sunnan til, svo að afrennsli á yfirborði er yfirleitt lítið. Út af því bregður þó í stórrigningum, en þá geta vötn farið í flóð. Lindavötn eru mest af Nýjabæjarfjalli til Austurdals (sennilega a.m.k.  $3 - 5 \text{ m}^3/\text{s}$ ), en mun minni til Eyjafjarðar (e.t.v. innan við  $1 \text{ m}^3/\text{s}$ ). Lindavatn fellur í þverárm Skjálfandafljóts austan að, sennilega um eða yfir  $5 \text{ m}^3/\text{s}$ .

Stærstar ár eru Jökulsá austari í Skagafirði, við vesturmörk svæðisins (sjá Norðvesturhálendið) og Skjálfandafljót, sem er með verulegan lindaþátt en fær jökulvatn einkum frá Vatnajökli. Dragár eru niður í dalina norður af, með framrennslislistöf í setlögum, en dragvatnkvíslar með lindaþætti af Sprengisandi.

Skjálfandafljót fær jökulvatn úr Vatnajökli og Tungafellsjökli í Vonarskarði og norðan þess og fellur um Bárðardal til Skjálfandaflóa. Nokkuð lindavatn bætist í á hálendinu en mun meira niðri á Krókdal. Algengt summarvatn á Krókdal er líklega  $30 - 150 \text{ m}^3/\text{s}$ . Fljótið fellur í tveimur djúpum giljum niður í dalinn (Syðra- og Ytra-Fljótgil). Reiðvað var áður neðst á Krókdal (Hraf nabjargarvað) en nú er brú á fljótinu uppi undir Vonarskarði.

Stöðuvötn eru fá á svæðinu, þó að pollar og tjarnir standi stundum uppi á Sprengisandi og vífðar. Helstu vötnin eru Urðarvötn á Nýjabæjarfjalli, samanlagt um  $3\frac{1}{2} \text{ km}^2$ , nokkuð djúp og afrennslislaus á yfirborði (í þeim er eitthvert "þynnsta" vatn á landinu), og Fjórðungsvatn á Sprengisandi, grunnt og mjög breytilegt að flatarmáli, sennilega oft um  $3 \text{ km}^2$ .

Sérkenni og helstu straumvötn á deilisvæðum eru sem hér segir:

**2.1. Nýjabæjarfjall:** Dragárland með framrennslislistöf og þó nokkru lindavatni (Bjarni Kristinsson 1996). Linda- og flóðvötn til Austurdals (Hölkná, Fossá o.fl.). Linda- og snjóbráðarþáttur á

sumrin í upptakakvíslum Eyjafjarðarár og Fnjóskár, sem margar eru bráðaflóðvötn í stórrigningum. Mjóadalsá er dragá með tölverðan lindárhátt, oft líklega  $3 - 8 \text{ m}^3/\text{s}$  í summarvatni (Kristinn Einarsson o.fl. 1991). Hún er brúuð á Sprengisandsleid.

**2.2. Sprengisandur - Bleiksmýrardrög:** Dragárland með framrennslistöf í seti og lindárhætti í straumvötnum, sem geta vaxið talsvert í stórrigningum, en þau falla til allra átta: Geldingsá, Laugakvísl, Strangilækur (stundum jökulskotin), Hnúkskvísl (oft jökulskotin) til Jökulsár austari, Kiðagilsá (í hamragljúfri í Kiðagili) og kvíslar norður frá Tungnafellsjökli (Jökulfall o.fl., jökulskotnar og oft varasamar á vöðum) til Skjálfandafljóts, Bergvatnskvísl og Fjórðungskvísl (jökulvatn frá Tungnafellsjökli, vöð stundum varasöm á kvíslum hennar) til Þjórsár. Algengt summarvatn í kvíslum þessum er sennilega  $2 - 5 \text{ m}^3/\text{s}$ , en þó líklega oft nokkru meira í Bergvatnskvísl og enn meira í Fjórðungskvísl, þegar hún er saman komin.

**2.3. Drög Skjálfandafljóts:** Frekar lítið afrennsli á yfirborði, einkum þegar austar og ofar dregur frá Krókdal. Lindaþáttur rískur í þverárn Skjálfandafljóts, en mestar þeirra eru Krossá, Öxnadalsá og Hrauná. Algengt summarvatn í þeim er líklega  $2 - 5 \text{ m}^3/\text{s}$  uppi á hálendinu.

#### Norðausturhálendið, suðurhluti:

Úrkoma er gríðarmikil á Vtnajökli norðan vatnaskila, líklega  $2.000 - 4.000 \text{ mm/ári}$ , en til þess að gera lítil á landinu norðan jökuls, líklega  $400 - 800 \text{ mm/ári}$  og upp í kringum  $1.000 \text{ mm/ári}$  á Dyngjufjöllum og öðrum hæstu fjöllum (Vatnaskil 1993). Úrkomuskuggi er með Jökulsá á Fjöllum, frá Krepputungu og niður á Hólsfjöll. Sumarhitu getur orðið hár á svæðinu, um eða yfir  $20^\circ\text{C}$ , og snjóá tekur oft upp snemma vors með tilheyrandi vorleysingum. Jökulbráð er gífurlega mikil á lægri hlutum Dyngjujökuls og Brúarjökuls, í úrkomuskugga, sumarhita og hnúkaþey.

Landið er að miklu leyti þakið hraunum vestan Jökulsár á Fjöllum og hripar vatn þar niður. Móbergsfjöllin í Ódáðahrauni eru brött og eru stundum lækir út af þeim sumum, einkum framan af sumri. Austan Jökulsár eru setþekjur, grágrýti og móbergsfjöll nokkuð lek og því lindáreinkenni ríkjandi yfir dragáreinkennum. Verulegt lindavatn kemur undan Vtnajökli, sennilega á bilinu  $30 - 50 \text{ m}^3/\text{s}$ , en mikil vatn sprettur vestan undan Ódáðahrauni til Suðurár - Svartár (hátt í  $20 \text{ m}^3/\text{s}$ ), en einnig norður af til Mývatns (um eða yfir  $30 \text{ m}^3/\text{s}$ ) og austur af til Jökulsár á Fjöllum (Svartá við Vaðöldu, Lindá, Grafarlandaá o.fl., sennilega yfir  $20 \text{ m}^3/\text{s}$ , að hluta til undan jöklum). Talsvert lindavatn fellur austan að til Jökulsár og er því grunnvatns- og lindavatnsrennsli af svæðinu líklega  $100 - 150 \text{ m}^3/\text{s}$ , fyrir utan seytla og seyrur.

Jökulsá á Fjöllum er mesta straumvatn á svæðinu, algengt summarvatn líklega  $150 - 400 \text{ m}^3/\text{s}$  hjá Grímsstöðum á Fjöllum. Þar af er hátt í  $100 \text{ m}^3/\text{s}$  lindavatn, en við Upptyppinga er það líklega nærrí  $40 - 50 \text{ m}^3/\text{s}$ . Jökulsá hefur stærst vatnasvið allra straumvatna á Íslandi, eða nærrí  $8.000 \text{ km}^2$ , þegar litið er til líklegra grunnvatnsskila undir jöklum og hraunum. Hún fellur norður í Öxarfjörð. Grunnvatnsskil milli Jökulsár og Skjálfandafljóts / Mývatns eru líklega nærrí miðjum fjallaklasanum í miðju Ódáðahrauni. Kreppa er aðalþverá Jökulsár undan Brúarjökli, en annars kemur hún í fjölmögum kvíslum undan Dyngjujökli, á Jökulsáraurum. Peir þorna stundum að miklu leyti að nátturlagi (þegar sólbráðar gætir ekki) og er þá gífurlegt sandfok af þeim. Hlaup hafa komið á árafresti úr Hnútlóni um Kverká og Kreppu. Hamfarahlaup hafa fyrir þúsundum ára komið í Jökulsá, sennilega við eldsumbrot í Vtnajökli. Hafa þau skilið eftir malarbreiður á báða bóga við Jökulsá og grafið út Jökulsárgljúfur neðan Dettifoss. Annars er Jökulsá í fremur grunnum farvegi á hásléttunni, nema í gljúfrum undir Grímsstaðanúpum og á köflum með Upptyppingum (Guttormur Sigbjarnarson 1990). Vöð voru á Jökulsá á söguöld, samkvæmt fornsögum, en nú er hún brúuð hjá Grímsstöðum og ofan við Upptyppinga.

Aðrar helstu ár eru Jökulsá á Dal við austurmörk svæðisins (sjá Austurhálendið), Suðurá, lindár vestan Jökulsár og Arnardalsá og Skarðsá undan Fjallgörðum, sem falla til Jökulsár. Minni ár falla austur af þeim til Jökulsár á Dal og Vopnafjarðar.

Stöðuvötn eru að vonum fá í svo leku landi. Helst er Öskjuvatn, sem myndaðist við ketilsig eftir gosið í Öskju 1875. Það er yfir  $10 \text{ km}^2$  að flatarmáli og yfir 200 m djúpt. Þekkt vötn við fjalla-leiðir eru Gæsavötn og Dyngjuvatn. Vötn þessi öll eru afrennslislaus á yfirborði, nema Gæsa-vötn. Nokkur vötn eru í lægðum í Fjallgörðum, stærst er Þrífyrningsvatn (um  $3\frac{1}{2} \text{ km}^2$  og yfir 30 m djúpt).

Sérkenni deilisvæða og helstu straumvötn á þeim eru sem hér segir:

**3.1. Trölladyngja:** Nær ekkert afrennsli á yfirborði. Jökulsárvíslar eru mjög breytilegar og sveiflukenndar í rennsli á Jökulsáraurum. Svartá við Vaðoldu er hrein lindá, líklega  $15 - 20 \text{ m}^3/\text{s}$  að vatnsmegini.

**3.2. Ódáðahraun:** Sára lítið yfirborðsafrensli, en mikið grunnvatn rennur út af svæðinu, til Mývatns og Jökulsár, en lindavatn er í Suðurá, sennilega um  $10 - 15 \text{ m}^3/\text{s}$ , þegar saman er komið.

**3.3. Askja - Dyngjufjöll:** Yfirborðsafrensli er lítið af Dyngjufjöllum, en þó renna nokkrir lækir af fjöllunum og stundum á um Dyngjufjalladal.

**3.4. Herðubreið:** Yfirborðsafrensli sára lítið, en lindavötn undan hraunum og úr sprungu-skörum (Lindá hjá Herðubreiðarlindum, um  $5 \text{ m}^3/\text{s}$ , Grafarlandaá, um  $2 \text{ m}^3/\text{s}$ ). Áður rann kvísl úr Jökulsá í Lindá.

**3.5. Kverkfjöll - Krepputunga:** Lítið afrennsli á yfirborði. Leysinga- og stórrigningaá í Hraundal. Lindauppkomur í Hvannalindum og nágrenni, þaðan Lindaá (líklega  $1 - 2 \text{ m}^3/\text{s}$ ). Jökulsá á Fjöllum vestan Krepputungu og Kreppa (sumarvatn líklega oft hátt í  $100 \text{ m}^3/\text{s}$ ) austan hennar. Kreppa er brúuð innan við Arnardal.

**3.6. Brúardalir:** Nokkurt afrennsli á yfirborði. Lindaþáttur þó ríkjandi á ám, en dragáreinkenni fyrir hendi. Kverká er jökulkvísl undan Brúarjökli, líklega stundum einhverjur tugir  $\text{m}^3/\text{s}$  að sumarlagi. Sauðá við austurmörk, var lengi jökulkvísl eftir framhlaup Brúarjökuls, en er stundum aðeins jökulskotin eða jökullaus og þá varla meiri en  $5 - 10 \text{ m}^3/\text{s}$ . Önnur Sauðá og fleiri ár safnast saman í Reykjará í Brúardölum, algengt sumarvatn sennilega  $3 - 5 \text{ m}^3/\text{s}$ .

**3.7. Efra - Fjall:** Nokkurt afrennsli á yfirborði, en lindavötn þó ríkjandi í og undan Fjallgörðum. Lindavatn verulegt í Arnardalsá (um  $6 \text{ m}^3/\text{s}$ , síðumarsvatn) dregst vísar að til Skarðsár (um og yfir  $8 \text{ m}^3/\text{s}$ ), en verulegt í sumum kvíslum til Hofsár í Vopnafirði.

### Norðausturhálendið, norðurhluti:

Úrkoma er líklega 600 - 800 mm/ári á heiðunum við Jökulsá á Fjöllum en fer trúlega upp í og yfir 1.000 mm/ári á fjöllunum beggja vegna við, Kröfluhálendinu, Haugsöræfum og hálendinu um Háganga. Snjóa setur þarna snemma og tekur upp seint, oft ekki fyrr en í maí - júní, en skaflar liggja mun lengur í köldum sumrum, einkum norðan til, og er snjóbráð oft nokkur í ám í Pistilfirði langt fram á sumar.

Jarðlög eru yfirleitt nokkuð lek á þessu svæði, einkum með fram og vestan Jökulsár. Grunnvatnsrennsli er því tölувvert til láglendis í Kelduhverfi og Öxarfirði og þó nokkuð til lindavatna, er falla til Þistilfjarðar og Vopnafjarðar. Landshlutinni þessi er lítið kannaður, vatnafræðilega og vatnajarðfræðilega.

Jökulsá á Fjöllum er eina stórvatnið, en drög ýmissa straumvatna eru á þessu hálendinu, sem eru drjúg vötn í byggð í Þistilfirði, Langaneströnd og Vopnafirði (Sandá, Hafralónsá, Miðfjarðará, Selá, Hofsá).

Stöðuvötn eru fá. Helst eru Eilífsvatn vestan Jökulsár og Haugsvatn á Haugsöræfum, bæði um 3 km<sup>2</sup> að flatarmáli og afrennslislaus á yfirborði.

Sérkenni deilisvæða og helstu straumvötn eru sem hér segir:

**4.1. Keldunesheiði - Þeistareykir:** Sára lítið yfirborðsafrennsli, nema í vetrar- og vorblotum. Mikið grunnvatnsrennsli til Kelduhverfis, sennilega yfir 10 m<sup>3</sup>/s (Þórólfur H. Hafstað 1989).

**4.2. Norðurfjöll:** Lítið yfirborðsafrennsli. Miklar lindavatnauppkomur á sprunguskörum beggja vegna Jökulsár við Hafragil og í Hólmatungum, sennilega um eða yfir 5 m<sup>3</sup>/s á hvorum stað. Jarðhitaáhrifa gætir á báðum lindasvæðunum.

**4.3. Hölsfjöll:** Frekar lítið yfirborðsafrennsli, en nokkuð grunnvatnsrennsli til láglendis í Öxarfirði, mest eftir sprunguskörum, sennilega þó minna en 5 m<sup>3</sup>/s.

**4.4. Haugsöræfi:** Nokkuð lek jarðlög og talsvert lindavatn undan fjöllunum, einkum til Sandár í Þistilfirði og Selár í Vopnafirði (algengt vetrarvatn í byggð líklega iðulega 5 - 10 m<sup>3</sup>/s, þó ekki sé það allt lindavatn, strangt tekið). Annars tölverð dragáreinkenni og snjóbráð oft veruleg fram á sumar í ánum norður og austur af fjalllendinu.

#### Austurhálendið:

Landshlutin þessi nær hér til flatra og fjöllótra heiðalandanna við Fljótsdalshérað, frá Smjörvatnsheiði til Sviðinhornahrauna. Úrkoma er ærið mismikil. Á Smjörvatnsheiði, Tunguhéði og Fljótsdalsheiði er úrkoman líklega hátt í eða yfir 1.000 mm/ári, á Jökuldalsheiði og Vestur-Öræfum líklega 600 - 800 mm/ári en á Hraunum upp í og yfir 3.000 mm/ári. Á austur-enda Vatnajökuls fer úrkoman upp í a.m.k. 3.000 - 4.000 mm/ári. Afnám er gríðarmikið á Brúarjökli og Eyjabakkajökli. Hlíðir góðviðrisdagar eru ekki sjaldgæfir inni á Vestur-Öræfum, en Hraunin eru með hráslagalegri hálendum á landinu, þó góðviðri geri þar líka. Snjóá leysir allmennt í apríl - júlí, oft í maí - júní á lægri heiðunum og fylgja því miklir vatnavextir, t.d. í Lagarfljóti. Á Hraunum tekur upp heldur seinna og liggja þar miklar fannir út sumarið í köldum árum.

Berggrunnur er yfirleitt þéttur eða fremur þéttur í þessum landshluta og lindavötn lítil, helst þó á Jökuldalsheiði. Nokkur töf er á framrennsli úrkому í jarðvegi, tjörnum og vötnum á Jökuldalsheiði og Fljótsdalsheiði, en Hraunin eru rakið dragárland.

Stærstu straumvötn eru Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fljótsdal, en önnur stærri straumvötn eru einkum Hrafnkela og Kelduá í Suðurdal. All mikil vötn falla af Hraunum til Suðurfjarða (sjá Suðausturhálendið).

**Jökulsá á Dal, eða Jökla,** er með eindregnari jökulvötnum meðal stórvatna landsins. Algengt sumarvatn (hjá Brú) er 150 - 500 m<sup>3</sup>/s, en vetrarvatn fer iðulega niður undir 10 m<sup>3</sup>/s. Dæmi munu þess, að hún hafi verið stigvélavæð að vetrarlagi á aurunum innan við Brú. Vatnasvið hennar er á Brúarjökli, en hægt hallandi hásléttan heldur áfram undir jökli, suður undir miðjan Vatnajökul (Helgi Björnsson og Páll Einarsson 1991), dragvatn af Vestur-Öræfum að hluta og úr Brúardölum. Hún fellur um Jökuldal til Héraðsflóa. Jökla flytur meiri aur en flestar aðrar stórár og er ákaflega gruggug á sumrin. Brúarjökull hefur gengið stórlega og skyndilega fram á 70 - 80 ára fresti um aldahríð, síðast 1963 - 1964. Við það breytast útföll og kvíslar við jökul, jökulvatn fer í Sauðá og aur og gormur stóraukast á meðan í Jöklu. Nú er Jökla að kalla fosslaus og flúðalítil ofan frá jökli og til sjávar. Í ísaldarlok mun hún hafa grafið Dimmugljúfur (einnig stundum kölluð Hafrahvammagljúfur) við Kárahnúka, 5 - 6 km löng, allt að 150 - 160 m djúp og þverhnípt.

**Jökulsá á Fljótsdal** er mun minna vatn. Hún fær jökulvatn undan Eyjabakkajökli og dragárvatn af ræmu af Fljótsdalsheiði, Hraunum og Múla. Hún fellur um Fljótsdalshérað til Héraðsflóa.

Algengt sumarvatn niðri í Fljótsdal er  $40 - 80 \text{ m}^3/\text{s}$ , en vetrarvatn getur orðið sára lítið. Fjöldi af smærri og stærri fossum er á falli hennar af hásléttunni niður í Fljótsdal.

Stöðuvötn og tjarnir eru fjölmög á Tunguheiði, Jökuldalsheiði og Fljótsdalsheiði, flest í grónu landi og lífrisk, en all nokkur í lægðum á beraudnarlandi á Hraunum. Helstu og þekktustu vötnin eru eftirtalin: Sænautavatn ( $2,3 \text{ km}^2$ ,  $23 \text{ m djúpt}$ ), Gripdeild ( $1,7 \text{ km}^2$ ,  $8 \text{ m djúpt}$ ) og Ánavatn ( $4,9 \text{ km}^2$ ,  $7 \text{ km langt og } 24 \text{ m djúpt}$ ) á Jökuldalsheiði (úr því rennur Þverá um Þverárvatn til Jöklu), Gilsárvötn (tæpa  $5 \text{ km}^2$ , örgrunn) á Fljótsdalsheiði (úr þeim rennur Besastaðaá til Fljótsdals) og Ódáðavötn (saman  $2,5 \text{ km}^2$ ) á Hraunum.

Sérkenni og helstu straumvötn á deilisvæðum eru sem hér segir:

**5.1. Jökuldalsheiði - Smjörvatnsheiði:** Dragárland með framrennslistöf í flóum og tjörnum. Kvíslar til Hofsár í Vopnafirði og Jöklu. Mest er lísklega Gestreiðarstaðakvísl, en algengt sumarvatn í henni gæti verið  $4 - 8 \text{ m}^3/\text{s}$ , þegar saman er komið.

**5.2. Fljótsdalsheiði:** Dragárland með miklum snjóleysinga- og stórrigningaflóðum. Mest verða flóð í haustblotum. Helstu og þekktustu ár eru Jökulsá á Fljótsdal, Bessastaðaá (algengt sumarvatn  $\frac{1}{2} - 15 \text{ m}^3/\text{s}$ , þverr að kalla iðulega á vetur), Kelduá í Suðurdal (algengt sumarvatn í byggð  $10 - 70 \text{ m}^3/\text{s}$ , vetrarvatn niður í  $1 \text{ m}^3/\text{s}$ ) og Strútsá með Strútsfoss, einn af hæstu fossum landsins.

**5.3. Vestur-Öraefi - Snæfell:** Dragárland með framrennslistöf í setlögum og jarðvegi. Mikil leysinga- og stórrigningaflóð. Helstu ár eru Hrafnkela (stundum jökulskotin, algengt sumarvatn  $2 - 20 \text{ m}^3/\text{s}$ ), Hölkna og Eyvindará, sem eru talsvert minni.

**5.4. Hraun:** Rakið dragárland með miklum áramun á veðurfari og vatnafari. Mikil leysinga- og rigningaflóð og hrikaleg haustblotaflóð (Erlingur Jónasson og Árni Snorrason 1996). Kvíslar til ýmissa átta, Kelduár, Grímsár á Völlum og ánná á Suðurfjörðunum. Vatnsmegin þeirra lítið fram af hálandisbrúninni móts við vatnsmegin á þjóðleið í byggð (sennilega oft  $1/8 - 1/4$ ).

#### Suðausturhálendið:

Landshluti þessi er tiltölulega lítið kannaður, vatnafarslega, þar eðr fötn eru þar erfið til virkjunar, þó að vatnsmegin skorti eigi. Upplýsingar um rennsli vatnsfalla eru því takmarkaðar. Vatnajarðfræðilegar upplýsingar eru einnig rýrar. Landshluti þessi er sá úrkomasamasti á landinu. Úrkoma á Vatnajökul er talin vera allt að  $4.000 - 8.000 \text{ mm/ári}$ , í byggð er úrkoma lísklega viða  $1.500 - 2.000 \text{ mm/ári}$ , og á fjöllunum þarna á milli, sennilega viða  $3.000 - 4.000 \text{ mm/ári}$ . Jöklar skrifaða á landshluta þessum viða niður á láglendi eða niður í dali og er þar afnám gífurlega mikið á þeim. Jökulvatn er því oft flóðmikið í ám á sumrin á þessum slóðum, einkum í hlýindum eða vætu. Jarðög eru yfirleitt sára lítið lek (nema í kringum Öræfajökul) og fjöll brött. Vatnið í úrhellisdembunum steypist því snarlega fram í miklum flóðum. Vetur eru mildir, miðað við aðstæður almennt hér á landi, og getur því gert stórfloð vegna leysinga eða rigninga á öllum árstímum. Utan flóða er sumarvatn yfirleitt miklu meira en vetrarvatn, í sumum ám meira en stærðargráðu munur. Dragárvatns og snjóbráðar gætir hlutfallslega mest í ánum á Suðurfjörðunum, sem fá vatn að miklu leyti af jökullausu landi.

Helstu fötn í þessum landshluta eru eftirtalin: Fossá í Berufirði, Hamarsá, Geithellnaá og Hofsá á Suðurfjörðunum, Jökulsá í Lóni og Skyndidalsá í Lóni, Hoffellsá, Hornafjarðarfjót, Hólmsá - Djúpá, Kolgríma - Heinabergsvötn í Hornafirði, Steinavötn í Suðursveit, Jökulsá á Breiðamerkursandi og Fjallsá, Hrútá, Kvíá, Svínafellsá og Skaftafellsá í Öræfum og Skeiðará á Skeiðarársandi. Ám þessum verður ekki lýst hér sérstaklega, enda renna þær að mestu í byggð.

Stöðuvötn eru fá á þessum slóðum, en þekktast mun vera Jökulsárlón á Breiðamerkursandi. Það er breytilegt jökul megin, flatarmál þess mun vera nærrri  $10 \text{ km}^2$  og dýpt þess yfir 150 m, en yfirborð þess rétt yfir meðalsjávarmáli. Sjór fellur núorðið inn í það á flóði.

Sérkenni og helstu vatnsföll á deilisvæðum eru sem hér segir:

**5.5. Lónsöræfi og Suðurfjarðarfjöll:** Rakið dragárland með stórfloðum. Helstu ár eru: Fossá í Berufirði (algengt summarvatn  $3 - 20 \text{ m}^3/\text{s}$ , en niður í  $1 \text{ m}^3/\text{s}$  á vetur), Hamarsá, Geithellnaá og Hofsá (allar þrjár jökulskotnar og algengt summarvatn líklega  $10 - 50 \text{ m}^3/\text{s}$ ), Jökulsá í Lóni (algengt summarvatn gæti verið  $20 - 200 \text{ m}^3/\text{s}$ ) og Skyndidalsá á leið á Lónsöræfi, sem er illræmt flóðavatn í sólbráð og rigningum. Hvarvetna er miðað við vatnsmegin í byggð. Göngubrú er á Jökulsá inni undir Vföldidal.

**5.6. Hornafjarðar- og Suðurfjarðarfjöll:** Dragárland, en mikill hluti vatnasviða stærri vatnsfalla er á jökli. Jökulvatn er því rískandi, a.m.k. að summarlagi. Helstu ár eru: Hornafjarðarfjót (algengt summarvatn gæti verið  $50 - 200 \text{ m}^3/\text{s}$ ), Hólmsá og Kolgríma (talsvert minni vötn en Hornafjarðarfjót), Steinavötn (enn mun minni) og Jökulsá á Breiðamerkursandi (ætti að vera sýnu vatnsmest), en sjávarfalla gætir í ánni upp í Jökulsárlón.

**5.7. Öræfi:** Mest jökulvatn af Öræfajökli, en einnig mikið dragvatn af bröttum hlífum hans. Lindavatn lítið. Helstu ár eru: Fjallsá, sem mun vera mest (algengt summarvatn gæti verið  $20 - 100 \text{ m}^3/\text{s}$ ), Skaftafellsá og Morsá, sem eru líklega til muna minni, Hrútá, Kvíá, Kotá, Virkisá, Svínafellsá, sem eru sýnu minnstar, en þó gæti algengt summarvatn í þeim líklega verið  $2 - 20 \text{ m}^3/\text{s}$ . Skeiðará er jökulá og hlaupvatn. Sumarvatn gæti iðulega verið  $100 - 300 \text{ m}^3/\text{s}$  en vetrarvatn mun geta farið niður í  $5 - 10 \text{ m}^3/\text{s}$ . Jökulhlaup úr Grímsvötnum koma á nokkurra ára fresti í Skeiðará. Síðustu áratugi hefur mesta vatnsmegin í hlaupunum verið  $2.000 - 3.000 \text{ m}^3/\text{s}$  en var margfalt meira framan af öldinni.

#### Suðurhálendið, austurhluti:

Verulegur hluti vatnasviða á þessum landshluta liggur á vestanverðum Vatnajökli. Úrkoma eykst þar að öðru jöfnu með hæð, en einnig frá norðvestri til suðausturs. Á þessum hluta jökulsins gæti úrkoman verið  $2.000 - 4.000 \text{ mm/ári}$ . Geysimikil úrkoma er á Síðufjöllunum, einkum í suðaustanátt, líklega  $2.000 - 3.000 \text{ mm/ári}$ . Úrhellisrigningar eru ekki sjaldgæfar. Að baki þeirra, norðan Tungnaár, er úrkoman miklu minni, vísða sennilega um eða jafnvel innan við  $1.000 \text{ mm/ári}$  (Vatnaskil 1991). Umhleypinga- og blotasamt er á þessum hluta hálendisins, þó ekki sé eins og í Austur-Skaftafelssýslu. Snjóa leysir yfirleitt í maí - júní, fyrr á byggðafjöllum en fannir og skaflar liggja oft á hærri fjöllum fram í júlí, eða jafnvel ágúst.

Á virka gosbeltinu eru jarðög yfirleitt vel lek og því mikið grunnvatn og lindavatn á ferðinni. Sunnan Skaftár er lektin minni, en sprungur og hraun á yfirborði vega þar nokkuð á móti. Lektin er lítil í byggðafjöllunum. Þar spretta þó fram líklega hátt í  $5 \text{ m}^3/\text{s}$  af lindavatni, mest úr sprunguskörum. Til Skaftár falla líklega  $5 - 10 \text{ m}^3/\text{s}$  af vatni úr stórum lindum, hvoru megin, en með vatni undan jökli og seytli á leiðinni líklega hátt í  $25 - 30 \text{ m}^3/\text{s}$ . Eftir hraunum fylltu gjúfri Skaftár falla að auki, að öllum líkindum,  $15 - 20 \text{ m}^3/\text{s}$  af lindavatni, sem spretta upp í Eldhrauni niðri á láglendi. Alls koma þá  $40 - 50 \text{ m}^3/\text{s}$  af lindavatni upp á Skaftárvæðinu. Til Tungnaár ofan virkjana falla a.m.k.  $15 \text{ m}^3/\text{s}$  frá stórum lindum hvoru megin, en líklega a.m.k.  $30 - 40 \text{ m}^3/\text{s}$  alls. Á virkjanasvæðunum og neðan þeirra, m.a. með Koldukvísl, bætist annað eins við, svo að í heild er lindavatn í Tungnaá líklega  $60 - 100 \text{ m}^3/\text{s}$ .

Stærstu ár eru Núpsvötn, Djúpá, Hverfisfljót, Skaftá, Tungnaá og Kaldakvísl. Önnur stærri vötn eru Brúará og Brunná í Fljótshverfi, byggðavötnin á Síðunni, helst Geirlandsá, Hellisá að fjallabaki, Nyrðri-Ófæra í Eldgjá, Lónakvísl til Tungnaár að sunnan og Vatnakvísl að norðan, jökulkvíslarnar Sylgja og Sveðja undan Vatnajökli.

Núpsvötn koma að hluta undan Skeiðarárjökli (Súla), en nokkuð austan þeirra kemur Sandgígjukvísl undan jöklinum, við landshlutamörk (gígja er skylt gígur og á líklega við vellankötluholur í sandysju). Annar hlutur Núpsvatna kemur af Eystra-Fjalli og Birninum (Núpsá). Hlaup

koma í Súlu úr Grænalóni. Núpsvötn eru alræmd flóðavötn í jökulleysingu og rigningum og ná þá hundruðum  $m^3/s$ . Hlaupin hafa farið upp í 1.000 - 2.000  $m^3/s$ .

**Djúpá** kemur undan austurbarði Sföunjökuls og er að mestu jökulvatn með stór flóð í rigningum og blotum, en vatnasviðið nær til vesturhluta Bjarnarins. Hún fellur um Fljótshverfi. Algengt sumarvatn er 30 - 70  $m^3/s$ . Áin fellur í fossum ofan í dalinn inn af Kálfafelli (í Fossabrekki) en í þróngu gljúfri fram úr honum.

**Hverfisfljót** kemur undan suður- og vesturbarði Sföunjökuls, en fær einnig dragvatn af flötum heiðunum upp af Fljótshverfi og Austur-Sföu. Hún er rakin jökulá og flóðvatn, oft notuð sem dæmi um slík vötn. Sföunjökull hljóp fram 1994 og hafði þá áður hlaupið tvívar á 30 ára fresti, svo vitað væri. Við framgang hans breyttist útfall og farvegur Hverfisfljóts og hljóp hluti af því vestur á hraunin með sandburði og vatnagangi. Skraftárhlaupanna 1994 og 1995 gætti líka í Hverfisfljóti, einkum 1995. Fram af háleindisbrúninni fellur Hverfisfljót í gljúfri með miklum fossum. Fyrir Skraftárelدا (1783) rann það í öðru gljúfri, líklega miklu meira og voldugra. Algengt sumarvatn er 50 - 150  $m^3/s$ , en fer iðulega niður í 5  $m^3/s$  á vetur.

Skaftá er jökulvatn með verulegum lindapætti og hlaupum úr hitakötlum undir Vatnajökli. Lindavatnið bætist mest við á heiðum og fjöllum, en einnig flóðvatn í rigningum. Hún kemur undan suðurbarði Tungnaárjökuls, Skraftárjökli og norðurhorni Sföunjökuls, rennur jafnt fallandi suðvestur með Fögrufjöllum, snýst til suðurs við Kamba og fellur þar brattara niður byggðafjöllin. Fossar eru í þrengslum á snúningnum, en annars er hún nærrí því fossalaus. Gljúfur Skraftár fyllti í Skraftárelendum (1783), frá Skraftárdal og a.m.k. upp til Kamba, en það var allt að 120 - 140 m djúpt og eftir því vítt (Freysteinn Sigurðsson 1995 d). Nú rennur Skraftá í jökululgormsþéttuðum farvegi ofan á því en grunnvatnsstraumur með a.m.k. 15 - 20  $m^3/s$  í djúpum þess. Algengt sumarvatn við Skraftárdal er 120 - 200  $m^3/s$ , en vetrarvatn sjaldan undir 40  $m^3/s$ . Í hlaupum fer vatnið í allt að 1.500  $m^3/s$  og hefði jafnvel orðið meira 1995, ef Hverfisfljót hefði ekki tekið við hluta. Vetrarvatn við Sveinstind er aðeins um 10  $m^3/s$  (Snorri Zóphóníasson 1994).

Tungnaá fær jökulvatn undan norðurhluta Tungnaárjökuls, mikið lindavatn bætist í á leið hennar en dragvatn varla, nema í snjóleysingum og stórrigningum á fjallgarðana við hana. Grunnvatnssvið Tungnaár nær vestur fyrir Köldukvísl, að mörkum þessa landshluta, en grunnvatnsskil gagnvart Tungnaá sjálfr eru óljósari (Freysteinn Sigurðsson 1991, Vatnaskil 1991). Tungnaá rennur jafntfallandi á söndum frá jökli og niður að Hófsvaði, en þaðan í þrengri farvegi og nokkrum fossum, sem nú eru flestir þornaðir eða horfnir í lón. Hún fellur að lokum í Þjórsá ofan Búrfells. Lindir spretta fram (um 15  $m^3/s$ ) í Sigöldugljúfri, sem myndaðist við framræslu úr Krókslóni í kjölfar landnámslagsgossins í Vatnaöldum fyrir 1100 árum (Elsa G. Vilmundardóttir o.fl. 1990). Nú eru tvö virkjanalón í farvegi Tungnaár (Krókslón og Hrauneyjalón) og enn eitt á ármótum við Þjórsá (Sultartangalón). Algengt sumarvatn við Vatnaöldur 100 - 150  $m^3/s$ , en á vetur sjaldan undir 40  $m^3/s$ . Við Haldi (með Köldukvísl) var algengt sumarvatn 150 - 300  $m^3/s$ . Slarkvöð, djúp og sandblaut, voru ofan við Svartakrók og við Vestur-Bjalla (djúpt, á hrauni) en ferjustaðir á Haldi og við Vestur-Bjalla, bíslavað á Hófsvaði (frá 1951), bíslakláfur á Haldi (frá 1964) en nú eru brýr við Hrauneyjavirkjun og Sigölduvirkjun, en e.t.v. verður hætt við viðhald þeirrar síðarnefndu. Í litlu vatni er slarkað yfir Tungnaá við Jökulheima.

**Kaldakvísl** kemur úr Vonarskarði, jökulvatn frá Köldukvíslarjökli, Bárðarbungu og Tungnafellsjökli, lindavatn undan hraunum og dragvatn í stórrigningum af móbergsfjöllum. Jökulkvíslar undan Bárðarbungu eru snöggar í rennsissveiflum. Hlaup koma stundum í Sveðju (kvísl undan Köldukvíslarjökli) úr Hamarslóni - Hvítalóni. Kaldakvísl er nú stfluð uppi í Sauðafellslóni og veitt í Pórisvatn, ásamt Kvíslaveitu, en ráðagerðir eru uppi um aðra stíflu og miðlun ofan við Hágönguhraun, Hágöngulón. Um 10  $m^3/s$  af lindavatni bætast við í Póristungum og hefur Kaldakvísl verið nærrí 60  $m^3/s$  (að meðaltali) við ármótin við Tungnaá, eða um hálfdráettingur á

við hina.

Stöðuvötn eru stór á þessum landshluta, en mörg eru þau naumast nema í Veiðivötnum. Grænalón er stíflað uppi af Skeiðarárjökli og vatnsborð þess breytilegt. Flatarmál þess mun vera allt að  $10 \text{ km}^2$ . Lambavatn og Kambavatn eru sunnan Skaftár, hvort rúmlega  $1 \text{ km}^2$ . Langisjór liggur í lægð milli Breiðbaks og Fögrufjalla, rúma  $25 \text{ km}^2$  að flatarmáli, um  $20 \text{ km}$  á lengd og yfir  $70 \text{ m}$  djúpur. Jökulvatn rann í hann fram til 1967, en síðan hefur hann verið tær. Úr honum rennur um Útfall til Skaftár, í þróngu skarði. Ráðagerðir eru uppi um að veita Skaftá í Langasjó og yrði hann þá aftur jökulskotinn. Veiðivötn eru í sprengigígum eða stífluð uppi af hrauni. fimm eða sex eru yfir  $1 \text{ km}^2$  að flatarmáli, Litlisjór um  $9 \text{ km}^2$ . Dýpi er oft allt að  $10 - 30 \text{ m}$  í vötnunum. Frá þeim rennur Vatnakvísl. Þórisvatn var annað stærsta stöðuvatn landsins en er nú stíflað uppi sem miðlunarlón og í hástöðu stærsta vatn á landinu. Flatarmál þess er  $70 - 83 \text{ km}^2$  og dýpi yfir  $100 \text{ m}$ . Inn í Þórisvatn runnu líklega a.m.k.  $5 - 10 \text{ m}^3/\text{s}$  af linda- og grunnvatni, en leki úr því, mest niður í Þóristungur, er annað eins. Núverandi grunnvatnsinnrennslí er líklega hátt í  $20 \text{ m}^3/\text{s}$  (Árni Hjartarson og Snorri Páll Snorason 1985). Fyrir virkjun þess rann Þórisós úr norðurenda vatnsins (Elsa G. Vilmundardóttir o.fl. 1990). Virkjunararlón eru með stærri vötnum á svæðinu, Sauðafellsslón um  $4 \text{ km}^2$ , Sigöldulón (Krókslón) um  $14 \text{ km}^2$  og Hrauneyjalón um  $9 \text{ km}^2$ .

Sérkenni deilisvæða og helstu ár á þeim eru sem hér segir:

**6.1. Björninn - Eystra-Fjall:** Fyrst og fremst dragárland með flóðvötnum. Nokkurt lindavatn á sprunguskörum og undan hraunum. Helstu ár Súla og Núpsá (Núpsvötn), Djúpá, Brúará (dragá með lindavatni), Brunná (jökulskotin, í flóðum og jökulbráð verulegt vatn) og Hverfisfljót.

**6.2. Geirlandshraun (Síðufjöll):** Dragárland með flóðvötnum. Helstu ár eru: Hörgsá, í vísu og stóru gili; Geirlandsá, í gili og gljúfrum niður byggðafjöllin, Fagrifoss efst í gljúfrunum; Fjaðrá, í þverhníptum gljúfrum í byggð; Holtsá, með verulegan lindaþátt; Hellisá á heiðunum að fjallabaki. Algengt summarvatn í ám þessum flestum er líklega oft  $1 - 5 \text{ m}^3/\text{s}$ , en meira í vatnavöxtum.

**6.3. Lakagígar - Núpahraun:** Fremur lítið afrennsli á yfirborði, helst til Hverfisfljóts, Geirlandsá og Hellisár. Lindavatn mest til Skaftár.

**6.4. Grænifjallgarður - Tungnaárfjöll:** Frekar lítið afrennsli á yfirborði. Helstu ár eru: Nyrðri-Ófæra í Eldgjá (algengt summarvatn líklega oft  $2 - 5 \text{ m}^3/\text{s}$ ), Lónakvísl (lindavatn, líklega yfir  $5 - 6 \text{ m}^3/\text{s}$ ) og Jökuldalakvísl (lindavatn,  $5 \text{ m}^3/\text{s}$  eða meira, en flóðvatn í stórrigningum).

**6.5. Veiðivötn - Jökulheimar:** Sára lítið afrennsli á yfirborði. Helstu ár eru: Vatnakvísl; Sylgja, jökulkvísl sem rennur  $10 - 15 \text{ km}$  og sígur í jörð í Tröllahrauni, strítt vatn á slóð næri jöklí; Sveðja, mikil vatn og sandblautt.

**6.6. Þórisvatn - Vonarskarð:** Lítið afrennsli á yfirborði, nokkuð lindavatn. Kaldakvísl og kvíslar hennar eru helstu vatnsföll.

#### Suðurhálendið, suðurhluti:

Úrkoma er gríðarmikil á Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli, sennilega vel yfir  $4.000 \text{ mm/ári}$ , mikil á Torfajökli og fjöllum austan á svæðinu (líklega  $2.000 - 3.000 \text{ mm/ári}$ ), en mun minni vestan til á svæðinu (sennilega vísu talsvert undir  $2.000 \text{ mm/ári}$ ), einna minnst líklega í Þórsmörk, Emstrum og á Laufaleitum, í skjóli af jöklunum. Snjóá tekur oftast upp í maí og júní, en í köldum árum liggja snjóar að Fjallabaki fram í júlí, einkum á Mælifellssandi. Flestar ár í þessum landshluta eru flóðvötn í stórrigningum.

Jarðlög eru yfirleitt frekar lek og því lítið dragárafrennsli, nema í leysingum og stórrigningum. Vatni steypir þó af bröttum fjöllunum í Mýrdal og Eyjafjöllum, en lindavötn eru þar lítil. Eins

verða mikil flóð í úrhellum af Skaftártungufjöllunum og Torfajökli, en allt er kyrrara á hraunum þöktum og úrkamusnauðari vesturhlutanum: Undan honum fellur mikið grunnvatn til Rangárvalla, líklega um eða yfir  $15 \text{ m}^3/\text{s}$ , og til Landssveitar, líklega um eða yfir  $10 \text{ m}^3/\text{s}$ .

Stærstu ár á svæðinu eru Hólmsá í Skaftártungu, Múlakvísl, Jökulsá á Sólheimasandi og Markarfljót, en Þjórsá rennur smáspöl á þessum hluta vestast. Önnur stærri straumvötn eru Syðri-Ófæra, Tungufljót, Kerlingardalsá, Klífandi - Hafursá, Krossá, Eystri - Rangá, upptök Ytri - Rangár og Jökulgilskvísl. Stórir hlutar þessa svæðis eru lítið kannaðir, hvað varðar vatnafar og vatnajarðfræði.

Hólmsá í Skaftártungu fær jökulvatn undan Mýrdalsjökli. Jökulbráðarvatn sígur mikið niður á Mælifellssandi, en kvíslar austan undan jöklínnum (Jökulkvísl, Leirá) bætast við Hólmsá á láglendi, neðan við Framgil. Þær geta báðar verið foraðsvötn, einkum Leirá. Jökulvatn, lindavatn og dragvatn koma úr Hólmsárlóni, en mikið lindavatn bætist í austur af Mælifellssandi, einkum í Brytalækjum, sennilega allt að  $15 - 20 \text{ m}^3/\text{s}$ , saman lagt. Gljúfur með fossum er að Hólmsá austur af Mælifellssandi. Algengt summarvatn við Framgil er  $30 - 60 \text{ m}^3/\text{s}$ . Vað er á Hólmsá uppi á Mælifellssandi, varasamt í vatnavöxtum, en Leirá, Jökulkvísl og Bláfellsá eru brúðar á Öldufellsleið.

Múlakvísl kemur undan Mýrdalsjökli (Kötlujökli) og er rakið jökulvatn með jöklafýlu frá háhitavatni undan jöklínnum. Jökullitur mun vera nær alltaf á henni vegna jökulbráðar af völdum háhitans. Algengt summarvatn gæti verið  $10 - 100 \text{ m}^3/\text{s}$ . Hlaup kom í Múlakvísl 1955 (líklega yfir  $2.000 \text{ m}^3/\text{s}$ ) og tók af brúna við Selfjall á þáverandi þjóðvegi.

Jökulsá á Sólheimasandi kemur undan Sólheimajökli og rennur í einum streng til sjávar. Af henni er jöklafýla og hún er alltaf jökullituð. Vatnsmegin gæti verið svipað og í Múlakvísl að stærðarflokki til. Jökulsá var að sögn alræmt manndrápsvatn, áður en hún var brúuð.

Markarfljót kemur úr Reykjadöllum í Torfajökli, safnar í sig jökulvatni undan Mýrdalsjökli (Innri- og Fremri - Emstruá), dragám undan Torfajökli (Kaldaklofskvísl) og Tindfjallajökli (Hvítmaga), oft jökulskotnum, og lindám af hraunavæðum (Blautakvísl og Bláfjallakvísl). Fljótið hlykkjast milli fjalla á hálendinu en steypist niður á láglendi í hrikalegu gljúfri (Fljótsgil á Grænafjalli, Markarfljótsgljúfur), 6 - 7 km langt og allt að 190 m djúpt og þverhnípt. Það mun hafa grafist í hamfarahlaupi fyrir  $2.000 - 2.500$  árum (Freysteinn Sigurðsson 1988). Annað Fljótsgil með fossum er á Laufaleitum, en Torfahlaup heita þrengsli við Stóra-Grænafjall.

Stöðuvötn eru fá í þessum landshluta. Helstu vötn á Fjallabaki eru Hólmsárlón (saman um  $1 \text{ km}^2$ ) og Álfavatn á Laufaleitum (um  $1 \text{ km}^2$ ), en á Landmannaleið eru nokkur vötn yfir  $1 \text{ km}^2$  (þ.á.m. Löðmundarvatn) en stærst er Frostastaðavatn ( $2,6 \text{ km}^2$ ). Sérkennileg vötn eru sprengigígar sunnan við Svartakrók (Ljótipollur og Hnausapollur).

Sérkenni og helstu ár á deilisvæðum eru sem hér segir:

**7.1. Höfðabrekkuheiði - Eyjafjöll:** Dragárland með mikilli úrkumu og úrhellum. Snögg flóð í flestum vötnum. Nokkrar jökulár og aðrar jökulskotnar (Kaldaklifsá og fleiri ár undir Vestur-Eyjafjöllum). Helstu ár eru: Múlakvísl, Kerlingardalsá (stundum verulegt jökulvatn), Klífandi og Hafursá (veitt saman ofan þjóðvegar, stundum verulegt jökulvatn), Jökulsá á Sólheimasandi, Skógaá (dragá með lindaþætti, mikið flóðavatn, algengt summarvatn  $5 - 10 \text{ m}^3/\text{s}$ ).

**7.2. Eldgjá - Mælifellssandur - Emstrur:** Dragárland með framrennslistöf í þykkum jarðvegi hið neðra en írennsli í lek jarðlöög hið efra. Helstu ár eru: Syðri-Ófæra, lindavatn ríkjandi (algengt summarvatn líklega  $3 - 10 \text{ m}^3/\text{s}$ ); Tungufljót, rakin dragá og stórfloðavatn, algengt summarvatn gæti verið  $2 - 10 \text{ m}^3/\text{s}$ ; Hólmsá; Brytalækir (lindavatn, um  $10 \text{ m}^3/\text{s}$  á sumur); Öldufellsá - Jökulkvísl, Leirá, Bláfjallakvísl vestur af Mælifellssandi (lindavatn, stundum jökulskotið, algengt summarvatn líklega  $3 - 5 \text{ m}^3/\text{s}$ ) og Innri-Emstruá, jökulvatn, algengt summarvatn gæti verið 5

- 20 m<sup>3</sup>/s, brúuð (Freysteinn Sigurðsson og Kristinn Einarsson 1982).

**7.3. Þórsmörk - Tindfjöll - Laufaleitir:** Mikið yfirborðsafrennsli og lítið lindavatn. Helstu ár eru: Markarfljót, ýmsar jölkulkvíslar eða jökulskotnar ár norður af Eyjafjallajökli, Krossá (oft verulegt jökulvatn með miklum malarburði og vondum vöðum); Fremri-Emstruá (jökulvatn, oft flóðvatn á sumrin og jafnan ófær, rennur í gljúfri, með göngubrú); Kaldaklofskvísl (dragvatn og snjóbráðarvatn, algengt summarvatn líklega 3 - 10 m<sup>3</sup>/s), varasamt vað með sandbotni, göngubrú ofan við vað; Hvítmaga (oft jökulskotin, algengt summarvatn líklega 2 - 10 m<sup>3</sup>/s); Gilsá (jökulskotin, snöggt flóðavatn, laus botn og varasöm vöð, algengt summarvatn gæti verið 1 - 10 m<sup>3</sup>/s); Eystri-Rangá (lindavatn, jökulskotin úr Tindfjallajökli og nokkurt dragvatn, algengt vatn í byggð, summar og vetur 15 - 25 m<sup>3</sup>/s).

**7.4. Torfajökull - Löðmundur:** Mikið yfirborðsafrennsli og frekar lítið lindavatn. Helstu ár: Upptök Markarfljóts, Jökulgilskvísl, oft jökulskotin, mikið flóðavatn, laus botn og afleit vöð, brúuð (algengt summarvatn gæti verið 2 - 20 m<sup>3</sup>/s).

**7.5. Hekla - Vatnafjöll:** Sára lítið afrennsli á yfirborði. Helstu ár Pjórsá og Tungnaá og upptök Ytri-Rangár (vatnsmegin líklega a.m.k. 15 - 20 m<sup>3</sup>/s, neðan Rangárbotna).

#### Suðurhálendið, vesturhluti:

Úrkoma á Hofsjökli og Langjökli fer líklega iðulega upp í 3.000 - 4.000 mm/ári á hájöklunum, og þó meira á Langjökli sunnanverðum. Á byggðafjöllunum frá Þingvallasveit til Biskupstungna fer úrkoma líklega upp í eða yfir 3.000 mm/ári. Úrkoma á innanverðum Hreppafjöllunum og á ýmsum hærri fjöllum gæti verið 2.000 - 3.000 mm/ári. Að fjallabaki kringum Skjáldbreið gæti úrkoman verið 1.000 - 2.000 mm/ári, en í lægðinni með Pjórsá á hálendinu er úrkoma líklega innan við 1.000 mm/ári, sennilega minnst í Pjórsárverum, þar sem hún gæti jafnvel farið niður undir 500 mm/ári. Snjóá leysir yfirleitt í maí - júní af heiðunum, en í kringum Skjáldbreið liggja snjóar og fannir oft fram í júní - júlí, einkum eftir vorhret. Eins geta snjóar legið fram á summar á innanverðum Hreppafjöllunum. Snjóleysing teygir sig því oft yfir nokkuð langan tíma á þessum landshluta. Vötn á hálendinu milli Pjórsár og Hvítár eru því oft í vexti fram í júlí og ófær eða illa fær fyrr en síðumars og á haustin.

Jarðlög eru nokkuð lek á austurhluta svæðisins, auk þess sem sprunguskarar auka á lektina, einkum í Pjórsárverum austan ár, út Gnúpverjafrétt, upp af Haukadalslónum í Biskupstungum og í Þingvallavatnslægðinni. Til Þingvallavatns falla líklega um 90 m<sup>3</sup>/s út af skipulagssvæðinu en til Laugardals og Biskupstungna um 70 - 80 m<sup>3</sup>/s (Freysteinn Sigurðsson og Guttormur Sigbjarnarson 1995). Miklu minna lindavatn kemur upp á svæðinu milli Hvítár og Pjórsár, Hvítár megin er ekki vitað um nein meiri háttar lindavötn, en Pjórsár megin gætu komið upp 5 - 10 m<sup>3</sup>/s. Austan Pjórsár gætu hafa komið upp um eða yfir 10 m<sup>3</sup>/s af lindavatni (Árni Hjartarson 1981), en "grunnvatnsrennsli" er töluvert meira (Vatnaskil 1991).

Stærstu ár eru Pjórsá og Hvítá í Árnesþingi. Aðrar stærri ár eru þverár þeirra: Jölkulkvíslar í Pjórsárverum, Kisa, Dalsá, og Fossá í Pjórsárdal til Pjórsár; Jökulfall, Sandá (austan ár), Stóra-Laxá, Sandá (vestan ár), Tungufjót og Brúará til Hvítár. Auk þess er "Veitukvísl" veitt til Pórisvatns og gríðarmikið grunnvatn rennur til Þingvallavatns og Sogs.

Pjórsá er vatnsmesta á landsins, ásamt Ölfusá, en áhöld eru á eftir árábilum, hvor sé meiri við ósa. Jökulvatn fær hún í fjölda kvísla undan suður- og austurhluta Hofsjökuls, en þær renna um Pjórsárver (vestan Pjórsár). Fjórðungskvísl flytur jökulvatn undan Tungnafellsjökli. Mikið lindavatn kemur frá Pjórsárverum (austan Pjórsár) og viðar, en hluta þess er nú veitt um Kvíslaveitu til Pórisvatns. Geysi mikið leysingavatn rennur af hásléttunni við Pjórsá og eru því vor- og ársumarflóð oft mikil, en vegna hæðarmunar á landi vara þau flóð stundum lengi. Algengt summarvatn ofan Tungnaár er líklega 150 - 300 m<sup>3</sup>/s, en Pjórsá er þar heldur minni en Tungnaá.

Uppi við Sóleyjarhöfða er vatnsmeginið líklega um þriðjungi minna og dægursveiflur eru þar vegna nálægðar við jöklum, en þar var reiðvað á klöpp, eina vaðið á Þjórsá ofan byggðar, oft þó ófært. Voru þá riðnar kvíslar hennar í Þjórsárverum, uppi við jökul eða jafnvel með ánni. Þjórsá mun raunar hafa verið reið ofan og neðan við ármót Tungnaár, en þar átti naumast nokkur maður erindi (Ágúst Guðmundsson 1996). Fossar í Þjórsá eru rómaðir fyrir fugurð (Kjálkaversfoss, Dynkur - eins og þeir heita Árnesinga megin - o.fl.), en áin fellur bratt niður í þróngan dal milli Gljúfurleitar og Búðarháls. Hún er nú stessluð ásamt Tungnaá í Sultartangalóni (um 19 km<sup>2</sup>) og ráðagerðir eru um að veita aðalkvísl hennar (Háoldukvísl o.fl.) til Kvíslaveitu. Þjórsá er brúuð neðan við Sandafell.

**Hvítá í Árnesþingi** kemur úr Hvítárvatni (við Langjökul) og er algengt summarvatn þar 50 - 70 m<sup>3</sup>/s. Lindavatn er verulegt í henni þar en jökulvatn meira úr Fúlukvísl og undan Norðurjökli. Jökulvatn bætist í með Jökulfallinu (undan Hofsjökli) og Sandá (vestari) en dragvatn viða að, mest úr Sandá (austari). Við Gullfoss er algengt summarvatn 100 - 200 m<sup>3</sup>/s. Flóð geta orðið mikil í Hvítá (1.000 - 2.000 m<sup>3</sup>/s við Gullfoss). Áin fellur bratt í fossum og hávöðum suðaustan Bláfells, en þar eru miklir hlaupfarvegir við hana, og steypist síðan í Gullfossi ofan í þróngu skoru Gullfossgljúfra, en þau eru 40 - 80 m djúp. Jarðfræðinga greinir á um myndun og mótu gljúfranna. Eru uppi a.m.k. þrjár kenningar um það mál (Ágúst Guðmundsson 1996).

Stöðuvötn eru fá í þessum landshluta. Austan Þjórsár eru stærst vötnin í Kvíslaveitu, Kvíslavatn (um 20 km<sup>2</sup>) og Drathalavatn ("Stóráverslón", 1,5 km<sup>2</sup>). Milli stórárnna eru nokkur vötn og lón í lægðum, mörg breytileg að vatnsborði og stærð. Stærst eru Hagavatn (1,4 km<sup>2</sup>) og Grænavatn (1 - 1½ km<sup>2</sup>). Hvítárvatn er um 30 km<sup>2</sup> og yfir 80 m djúpt. Hagavatn er um 5 km<sup>2</sup>, Sandvatn efra löngum þurrt en Sandvatn neðra var breytilegt að stærð, áður en vatnið var stíflað uppi, oft um 6 km<sup>2</sup>. Jökulvatnið fellur nú að langmestu leyti í Sandá (vestari) úr Sandvatni. Ráðagerðir eru uppi um að stífla Farið úr Hagavatni og hækka vatnsborð þess í því skyni að leggja aura og leirur innan þess undir vatn til að draga úr sandfoki.

Sérkenni og helstu vötn á einstökum deilisvæðum eru sem hér segir:

**8.1. Þóristungur - Búðarháls - Gjúfurleit:** Dragárland með flóðavötnum. Ársprænur í gljúfrum og fossum í Gljúfurleit. Helsta á er Fossá í Þjórsárdal, dragá með lindárstofn (algengt summarvatn 2 - 10 m<sup>3</sup>/s), fossarnir Háifoss og Glanni ofan í Þjórsárdal, óslétt vað ofan Háafoss.

**8.2. Kjalyötn - Kvíslaveita:** Flatt land með þykkum setþekjum og nokkurri lekt og því töf á framrennsli. Helstu ár voru kvíslar í Þjórsárverum og Svartá, flestar lindavötn með stórum dragárfloðum (Púfuverskvísl, Eyyvindarkvíslar, Hreysiskvísl, summarvatn í þeim 1 - 4 m<sup>3</sup>/s), sem nú hefur verið veitt að miklu leyti um "Veitukvísl" (Stóráversskurð) til Þórisvatns.

**8.3. Þjórsárver:** Setfyllur í Þjórsárverum vestan ár, úrkomusnautt land, en jökulkvíslar með örur rennslissveiflum falla um það frá jöklum til Þjórsár. Bleytuland með tjörnum, pyttum og rústaflám. Helstu ár eru jökulkvíslarnar Blautakvísl, Miklavísl, Múlavíslar, Arnarfellskvíslar, Þjórsárkvíslar og Háoldukvísl innst. Allar tölverð vötn í jökulbráð og rigningum og oft ófærar. Blautt bíflavað á Blautukvísl, þegar lítið er í henni. Hnífá er yst, lindá en oft jökulskotin, sandbleytuvað við Þjórsá, betra vað ofar.

**8.4. Kerlingarfjöll:** Snarbrött og nokkuð úrkomusöm fjöll, dragárland með snjóbráð fram undir haust. Mismikil flóðavötn út frá Kerlingarfjöllum, sum með firnadjúp og þróng gljúfur við fjallarætur og út frá þeim (Kerlingará, gljúfrin talin 100 - 200 m djúp, Kisa, Árskardssá, sem er þeirra minnst).

**8.5. Hreppafjöll, efri hluti:** Dragárland með leysingavatnslónum og lindavötnum á sprunguskörum. Helstu ár eru: Kisa (dragá og mikið flóðavatn, stundum jökulskotin, algengt síðsumarsvatn líklega 2 - 20 m<sup>3</sup>/s) og Dalsá (dragá með drjúgum lindastofni, algengt síðsumarsvatn líklega 5 - 15 m<sup>3</sup>/s). Óslétt klapparvað á Dalsá en lausmalarvað á Kisu, oft varasamt í miklu vatni.

**8.6. Hreppafjöll, neðri hluti:** Dragárland, ásótt og brattlent, setfyllur (leirur og ver) í lægðum með framrennslistöf. Helsta á er Stóra-Laxá, dragá með litlu lindavatni, flóðavatn, algengt sfösumarsvatn gæti verið  $3 - 30 \text{ m}^3/\text{s}$ . Áður farin á þremur vöðum á línuvegi, nú aðeins einu, djúpu, grýtu og lausu. Gljúfur eru að ánni (Laxárgljúfur), um 15 km nær samfellt en um 25 km slitín sundur, djúp og hömrött á köflum.

**8.7. Hrunamanna- og Biskupstungnafréttir:** Dragárland með framrennslistöf í myrum og setþekjum. Helstu ár eru: Sandá (austari), dragá með miklum flóðum og oft snjóbráð fram á sumar, algengt sfösumarsvatn gæti verið  $5 - 20 \text{ m}^3/\text{s}$ . Vond, laus og blaut vöð. Jökulfall (Jökulkvísl), mest jökulvatn undan Hofsjökli en einnig dragárfloð, algengt summarvatn gæti verið  $10 - 50 \text{ m}^3/\text{s}$ . Í henni Gýgjarfoss og gljúfur neðan hans. Brúuð á leið í Kerlingarfjöll. Svartá á Kili er mest lindavatn en með dragárfloðum, oft líklega  $2 - 5 \text{ m}^3/\text{s}$ . Brúuð á leið í Hvítárnes.

**8.8. Biskupstungnafréttur, neðri hluti:** Nokkuð lek jarðlög og rýrt afrennsli á yfirborði. Helstu ár eru: Sandá (vestari) úr Sandvatni (neðra) og Farið úr Hagavatni til Sandvatns. Jökulvatn, algengt summarvatn líklega  $5 - 15 \text{ m}^3/\text{s}$ . Tungufljót fellur af svæðinu, lindauppkomur í Fljótsbotnum og viðar,  $25 - 30 \text{ m}^3/\text{s}$ . Rennsli úr Sandvatni lokað með stíflu, lekar enn til staðar.

**8.9. Jaðarsvæði Langjökuls:** Mest hriplek jarðlög og sára lítið yfirborðsafréttir. Leysingarvatn frá Langjökli hverfur fljótt í jörð niður.

**8.10. Ármannsfell - Skjaldbreið - Högnhöfði:** Hraun og fjöll ofan Þingvalla vel lek, en fjöllin austar miður lek og þar geta rigningar steypst af þeim í dragárfloðum. Á vesturhlutanum er afrennsli á yfirborði sára lítið. Grunnvatnsrennsli til Brúarár líklega um  $30 \text{ m}^3/\text{s}$ , til Laugardals um  $15 \text{ m}^3/\text{s}$  og til Þingvallavatns um  $90 \text{ m}^3/\text{s}$ . Lindavötn úr sprunguskörum suður af Kaldadal til Reyðarvatns líklega hátt í  $5 \text{ m}^3/\text{s}$ . Mikil gljúfur að upptökum Brúarár í Brúarárskörðum.

#### Heimildir:

Upplýsingar eru tíndar saman úr ýmsum gögnum. Mikið er stuðst við eigin sjón og reynd, en tölur og ýmsar aðrar upplýsingar eru að langmestu leyti úr gögnum Vatnamælinga Orkustofnunar, birtum eða óbirtum. Lýsingar á vötnum, ám og farvegum þeirra er m.a. viða að finna í Árbókum Ferðafélags Íslands. Auk þess skal bent á eftirtalin, útgefin rit og tilvísadár greinargerðir:

Ágúst Guðmundsson 1996: Árbók Ferðafélags Íslands 1996: Ofan Hreppafjalla. 242 s.

Árni Hjartarson 1981: Kvíslaveita 5. Vatnafarsathuganir. Orkustofnun, greinargerð ÁH-81/03. 40 s. + 1 kort.

Árni Hjartarson og Freysteinn Sigurðsson 1991: Vatnafarskort, Kóngsás !813 I. Í 1:50.000. Landmælingar Íslands, Orkustofnun og Landsvirkjun.

Árni Hjartarson og Snorri Páll Snorrason 1985: Þórisvatn. Berggrunnur, grunnvatn, straumar og lindir. Orkustofnun, skýrsla OS85028/VOD-12 B. 31 s.

Bjarni Kristinsson 1996: Samanburður nokkurra lágra vetrarrennslismælinga í Skagafirði árin 1984 til 1996. Orkustofnun, greinargerð BK-96/01. 6 s.

Davíð Egilson, Freysteinn Sigurðsson, Helgi Jóhannesson, Páll Sigurðson, Sigurður Guðjónsson, Sigurður Már Einarsson og Stefán H. Sigfusson 1990: *Fallvötn og landbrot*. Rit gefið út sameiginlega af Landgræðslu ríkisins, Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Vegagerð ríkisins og Veiðimálastofnun. 40 s.

Elsa G. Vilmundardóttir, Freysteinn Sigurðsson, Guðrún Larsen og Ingibjörg Kaldal 1990: Sigalda - Veiðivötn. jarðfræðikort. Berggrunnur - jarðgrunnur - vatnafar. Orkustofnun og Landsvirkjun, fylgirit með jarðfræðikorti. 16 + 4 s.

Erlingur Jónasson og Árni Snorrason 1996: Hraunavirkjun. Kostnaðaráætlun - kerfisgreining. Orkustofnun, skýrsla OS-96009/VOD-01. 70 s.

Freysteinn Sigurðsson 1988: Fold og vötn að Fjallabaki. Í: Árbók Ferðafélags Íslands 1988: Vörður á veki. 181 - 202.

Freysteinn Sigurðsson 1991: Groundwater from glacial areas in Iceland. *Jökull*, 40, 119 - 146.

Freysteinn Sigurðsson 1995 a: Um vatnafar í Borgarfjarðarsýslu ofan Skarðsheiðar. Samantekt vegna svæðisskipulags. Orkustofnun, greinargerð FS-95/06. 8 s.

Freysteinn Sigurðsson 1995 b: Um vatnafar í Skagafirði. Samantekt vegna svæðisskipulags. Orkustofnun, greinargerð FS-95/07. 10 s.

Freysteinn Sigurðsson 1995 c: Lindasvæði á Miðhálendinu. Yfirlit vegna svæðisskipulags. Orkustofnun, greinargerð FS-95/10. 8 s.

Freysteinn Sigurðsson 1995 d: Vatnið í lindunum. Í: Eyjar í eldhafi. Afmælisrit til heiðurs Jóni Jónssyni, jarðfræðingi. Gott mál, Reykjavík. 53 - 66.

Freysteinn Sigurðsson 1996 a: Jarðlysing Miðhálendisins. Yfirlit vegna svæðisskipulags. Orkustofnun, greinargerð FS-96/01. 21 s.

Freysteinn Sigurðsson 1996 b: Um grunnvatn við Jökulsá vestari í Skagafirði. Orkustofnun, greinargerð FS-96/03. 8 s.

Freysteinn Sigurðsson og Guttormur Sigbjarnarson 1995: Um vatnasvið Þingvallavatns. Rannsóknáafangi 1995. Orkustofnun, greinargerð FS/GS-96/11. 22 s.

Freysteinn Sigurðsson og Kristinn Einarsson 1982: Forkönnun virkjana og rennslismælingar við Markarfljót og Hólmsá í Skaftártungu. Orkustofnun, skýrsla OS81085/VOD39 B. 18 s.

Guttormur Sigbjarnarson 1990: Hlaup og hlaupfarvegir. Í: Vatnið og landið, ritstjóri Guttormur Sigbjarnarson, Orkustofnun. 129 - 144.

Hákon Aðalsteinsson, Sigurjón Rist, Stefán Hermannsson og Svanur Pálsson 1989: Stöðuvötn á Íslandi. Skrá um vötn stærri en  $0,1 \text{ km}^2$ . Orkustofnun, skýrsla OS-89004/VOD-02. 48 s. + 1 kort.

Helgi Björnsson og Páll Einarsson 1991: Volcanoes beneath Vatnajökull, Iceland. Evidence from radio echo-soundings, earthquakes and jökulhlaups. *Jökull*, 40, 147 - 168.

Hjörleifur Guttormsson 1987: Árbók Ferðafélags Íslands 1987: Norðausturland - hálandi og eyðibyggðir. 218 s.

Hjörleifur Guttormsson 1993: Árbók Ferðafélags Íslands 1993: Við rætur Vatnajökuls. 264 s.

Kristinn Einarsson, Freysteinn Sigurðsson og Bjarni Kristinsson 1991: Ferð Vatnamælinga-nefndar Landsvirkjunar og Orkustofnunar að Skjálfandafljóti og Jökulsá á Fjöllum í ágúst - september 1991. - Helstu niðurstöður athugana -. Orkustofnun, greinargerð KE/FS/BK-91/02. 10 s.

Landmótun 1996: Miðhálendi Íslands. Svæðisskipulag 1995 - 2015, drög, apríl 1996. A.2. Náttúrufar (43 s.), A.3. Náttúruvernd (6 s.), B. Forsendur eftir landshlutum (186 s.). Landmótun, Kópavogi.

Oddur Sigurðsson og Tómas Jóhannesson 1993: Jöklamælingar og vatnsafl. 13 s. Í: Ársfundur Orkustofnunar 1993. Orkustofnun, skýrsla OS-93013.

Sigurjón Rist 1956: Íslensk vötn 1. *Icelandic fresh waters*. Raforkumálastjóri, Vatnamælingar. 127 s.

Sigurjón Rist 1990: Vatns er þörf. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík. 248 s.

Snorri Zóphóníasson 1994: Rennsli Skaftár og samband þess við lindarennсли. Orkustofnun, skýrsla OS-94037/VOD-06 B. 8 s. + 21 mynd + 1 kort.

Vatnamælingar: Ýmis ótilgreind gögn Vatnamælinga Orkustofnunar, óbirt og birt (þ.m.t. ýmsar skýrslur og greinargerðir, sem ekki er getið sérstaklega).

Vatnaskil 1991: Pórisvatn. Rennsli og grunnvatnshæð á vatnasviði Efri-Pjórsár. Verkfræðistofan Vatnaskil, skýrsla. Unnið fyrir Landsvirkjun. 35 s. + 35 myndir og kort.

Vatnaskil 1993: Austurlandsvirkjun. Rennslislíkan I. Verkfræðistofan Vatnaskil, skýrsla. Unnið fyrir Landsvirkjun. 24 s. + 7 myndir.

*Veðráttan:* Ársyfirlit 1925 - 1992. Veðurstofa Íslands.

Pórólfur H. Hafstað 1989: Öxarfjörður. Grunnvatnsathuganir 1987 - 1988. Framlag til sérverkefnis í fiskeldi. Orkustofnun, skýrsla OS 89039/VOD-08 B. 25 s.

Freysteinn Sigurðsson, jarðfræðingur á Orkustofnun, tók saman í júní 1996.